

**45.þing Íþróttabandalags Reykjavíkur  
Þinggerð****Fimmtudagur 28. apríl 2011****Kl. 17:00****1. Þingsetning, ávörp gesta, minningarorð, skýrsla stjórnar.**

Ingvar Sverrisson formaður Íþróttabandalags Reykjavíkur tók fyrstur til máls:

„Formaður Borgarráðs  
Forseti ÍSÍ,  
Borgarfulltrúar,  
kæru félagar!

Þau tvö ár sem ég hef nú gengt stöðu formanns ÍBR hafa verið bæði skemmtileg, viðburðarík en þó síðast en ekki síst lærdómsrík. Þetta hefur ekki verið auðveldur tími á Íslandi eins og við þekkjum öll og við höfum þurft að taka á honum stóra okkar í niðurskurði og breyttri þjónustu við borgarbúa. En ég verð að segja að íþróttahreyfingin í Reykjavík hefur gengið af miklum krafti og á faglegan hátt í þau verkefni og lagt sig fram við að láta erfiðleikana bitna sem allra minnst á börnum og unglingum í starfi íþróttafélaganna.

Ég ætla í þessari ræðu að slá tvær flugur í einu höggi, fara yfir mál sem snúa að hreyfingunni í Reykjavík og mér eru hugleikin og flytja skýrslu stjórnar ÍBR um leið. Skýrsla stjórnar var send aðildarfélögum fyrir hálfum mánuði og hefur einnig legið frammi á heimasíðu ÍBR. Ég tel því óhætt að stikla á stóru um efni hennar.

Íþróttahreyfingin í Reykjavík samanstendur af 70 íþróttafélögum. Um 40 þeirra fá styrki frá Reykjavíkurborg og ÍBR vegna barna og unglingastarfs. Í félögunum eru 38 þúsund iðkendur og þar af 20 þúsund undir 18 ára aldri. Í hreyfingunni í heild starfa um 70 þúsund manns þ.e iðkendur, starfsmenn félaga, stjórnarmenn og aðrir sjálfboðaliðar. Það á að vera öllum alveg ljóst hversu mikilvægu hlutverki það starf sem við erum að vinna gegnir í samfélaginu, hvort sem er í uppeldislegum tilgangi eða sem efnahagslegur ávinningur fyrir borgina og þjóðina alla.

Fyrir þinginu eru fjölmargar tillögur sem miða að því að ná enn betri árangri í starfi okkar og ég hlakka til að ræða þær hér með ykkur og fara yfir það sem gert hefur verið í starfinu s.l. tvö ár.

Breytingar hafa orðið, tímabundið, á samskiptum borgarinnar og félaganna, en ekki hafa verið endurnýjaðir þjónustusamningar milli þessara aðila heldur var ákveðið að ÍBR myndi gera samninga fyrir hönd félaganna til eins árs í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru í þjóðfélaginu. Þetta er mál sem mikilvægt er að koma í fastan sess þannig að samningarnir geti verið stefnumótandi fyrir félögin, starf þeirra og uppbyggingu til lengri tíma.

Starfstímabil fráfarandi stjórnar hefur einkennst af niðurskurði eins og reyndar á við í öllu okkar samfélagi. Íþróttahreyfingin hefur þurft að finna leiðir til að bregðast við þessari nýju áskorun. Engu að síður má kannski segja að íþróttahreyfingin sé von að vinna við skort á peningum og geti því aðlagð sig hratt að breyttum aðstæðum. En vissulega eru þolmörk, ekki síst hvað það varðar að við viljum halda mannauðnum innan okkar raða.

Íþróttahreyfingin hefur skilning á þeirri stöðu sem uppi er í fjármálum borgarinnar en það er gríðarlega mikilvægt að tryggja fjárhagsgrundvöll hennar til framtíðar í nýjum samningum. Niðurskurður undanfarinna ára hefur komið verulega niður á starfinu með ýmsum hætti s.s. fækkun starfa og launaskerðingar hjá þeim sem áfram eru við störf auk þess sem rekstrarkostnaður hefur aukist á meðan dregið hefur verulega úr framlögum. Þá er eftirsjá af íþróttaskóla fyrir grunnskólabörn sem íþróttafélögin og ÍBR hafa byggt upp á löngum tíma. Afreksíþróttastarf hefur átt undir högg að sækja eftir hrun og verr gengur að fá styrki frá fyrirtækjum en áður. Það er því slæmt að Afreks- og styrktarsjóður Reykjavíkur skuli ekki hafa haft neina fjármuni á þessu ári til að styðja við afreksíþróttastarf í borginni.

Rekstur skrifstofu ÍBR hefur verið í járnum en með aðhaldi hefur tekist að halda starfsemi sem næst með sama hætti og áður. Mikilvægur tekjupóstur til reksturs skrifstofunnar er útleiga tíma til almennings í íþróttahúsum borgarinnar. Sem betur fer hefur tekist að halda stórum hluta okkar viðskiptavina en það er alltaf ákveðin óvissa fólgin í þessum þætti, ekki síst í því árferði sem nú er.

Þátttaka í Reykjavíkummarþoni hefur verið mikil og stöðug og ekki útlit fyrir annað en að svo verði áfram. Mikill fjöldi útlendinga tekur þátt í hlaupinu á hverju ári sem er vissulega jákvætt fyrir viðburðinn sem og ferðamannaiðnaðinn. Annar viðburður sem tengir ferðamennsku og íþróttir og ÍBR hefur tekið virkan þátt í er Reykjavík International Games sem fram fer í janúar ár hvert. Þar fjölgar stöðugt þátttakendum, ekki síst erlendis frá. Þessi viðburður hefur sannarlega verið jákvæð viðbót í íþróttalífið og er kærkomið tækifæri fyrir okkar besta íþróttafólk til að reyna sig gegn erlendu afreksfólki.

Skautahöllin í laugardal hefur verið rekin af ÍBR síðan 1998. Reksturinn hefur gengið vel og markmiðin hafa náðst því greitt hefur verið af lánum og haldið opnu fyrir æfingar SR og tíma fyrir almennung. Áhyggjuefni framtíðarinnar er aukinn orkukostnaður og sú staðreynd að greiðslur af láni verða þyngri eftir því sem nær líður lokum lánstímans. Ráðdeild í rekstri Skautahallarinnar er því áfram afar mikilvæg.

Eitt af helstu baráttumálum hreyfingarinnar er uppbygging afreksíþróttamiðstöðvar í Laugardal í samstarfi við ÍSÍ og sérsamböndin. Slík miðstöð er afar mikilvæg fyrir hreyfinguna en ekki síður borgina því Laugardalurinn yrði í raun fullkominn íþróttaparadís fyrir Íslenskt íþróttafólk en ekki síður erlent og myndi opna nýjar dyr í ferðaþjónustu til íþróttamanna og félaga til æfinga og keppni. Uppi hafa verið stórar hugmyndir um tækjakaup og stórt húsnæði utan um starfsemi miðstöðvarinnar en ákveðið hefur verið að taka minni skref til að byrja með. Tækjakostur sem keyptur verður kostar um 4 milljónir króna og verður myndað félag í eigu ÍSÍ, ÍBR, KSÍ og fleiri sérsambanda sem kaupir tækin. Þetta félag mun gera samning við Atlas endurhæfingu um daglegan rekstur miðstöðvarinnar. Afreksíþróttamiðstöðin verður staðsett á fyrstu hæð ÍBR – hússins en starfsemin verður ekki einskorðuð við það aðsetur heldur verður hægt að fara með hluta búnaðarins út úr húsi og gera mælingar t.d. hjá félögum.

Ráðist var í framkvæmdir með ÍSÍ og Íslenskum Getraunum í húsum 1 og 2 í Íþróttamiðstöðinni. Okkur þótti ekki boðlegt að ekki væri aðgengi fyrir fatlaða í húsum auk þess sem aðgerða var þörf þar sem húsin stóðust ekki álagskröfur vegna jarðskjálfta. Nú er að ljúka byggingu lyftu- og stigahúss við húsin sem gerir það að verkum að núverandi anddyri ÍBR hússins ásamt hálfri fyrstu hæðinni verður hægt að nýta fyrir áður nefnda Afreksíþróttamiðstöð. Þetta eru vissulega kostnaðarsamar framkvæmdir sem ákveðið var að fjármagna með Húsnæðis- og framkvæmdasjóði. Hann mun þó fljótt ná fyrri styrk enda munu leigutekjur aukast verulega miðað við það sem áður var með tilkomu nýs leigutaka auk þess sem Reykjavíkurborg styrkir framkvæmdina með myndarlegum styrk, skipt á nokkur ár.

Á síðasta þingi okkar var samþykkt að sækja áfram um aðild að UMFÍ. Farið var á fund með formanni og framkvæmdastjóra sem sögðu okkur að senda formlega umsókn til félagsins. Það var gert, og við fengum formlega höfnun frá síðasta þingi UMFÍ og höfum ekki farið lengra með málið að svo stöddu. Varðandi tillögu sama efnis sem nú liggur fyrir þá vil ég segja það að ég er tilbúinn til að vinna áfram að þessu máli sé það viljið þingheims, en alveg ljóst er að ekki er vilji fyrir að fá okkur inn.

Nú rétt fyrir páska tók borgarstjórn ákvörðun um að gera verulegar breytingar á stjórnkerfi borgarinnar sem hefur veruleg áhrif á ÍTR en allt frístunda- og tómstundastarf var færð undir nýtt svið Mennta og frístunda og verður þar ein af þremur stoðum eins stærsta sviðs borgarinnar. Við vitum á þessu stigi ekki hvaða þýðingu þessi breyting hefur fyrir málaflokkinn íþróttir í borgarkerfinu og hvort að þetta hefur í för með sér nýtt landslag gagnvart íþróttahreyfingunni eða ekki. Vonandi verður staða íþróttanna innan borgarkerfisins skýrð í þeirri stefnumótunarvinnu sem Borgarráð samþykkti í vetur að fara í með ÍBR og félögunum í Reykjavík. Sú vinna er hafin með útsendri vefkönnun á dögum og heldur áfram í maí með vinnufundum og markmiðasetningu.

Stefnumótunin mun skipta miklu um hvernig íþróttamálum í borginni verður hagað á næstu árum.

Það er mikilvægt, í samvinnu við íþróttahreyfinguna um allt land, að kynna starfsemi hreyfingarinnar betur en gert hefur verið. Framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur sett í farveg vinnu sem miðar að því að koma málefnum íþróttanna á framfæri við ráðamenn og almenning ekki síst til þess að opna augu þeirra sem ekki átta sig á stærð hreyfingarinnar og hversu miklu starfsemin skilar til samfélagsins.

Þetta verður eitt af mikilvægustu verkefnum hér í Reykjavík en við verðum líka að horfa í eigin barm og reyna að átta okkur á hvar við getum gert betur, hvar við getum bætt starfið með það að leiðarljósi að félagsmenn finni allir eitthvað við sitt hæfi, að börn og unglingar geti stundað íþróttir á sínum forsendum t.d. með því að gefa kost á æfingum sjaldnar í hverri viku ef það er það sem hentar til að minnka brottfall úr íþróttum.

Það hefur reynst okkur vel að vera tilbúin að taka gagnrýni vel, gera breytingar og laga okkur að þörfum umboðenda okkar, þannig hefur hreyfingin stækkað og mun stækka á komandi árum.

Fjárframlög til íþróttastarfs eru langt frá því að vera í samræmi við stærð og mikilvægi starfsins. Það á við sérstaklega þegar litið er til framlags ríkisins til málaflokksins en líka þegar horft er til sveitarfélaga. Mikil umræða hefur verið undanfarin misseri um samanburð milli íþróttastarfs og lista. Hér í Reykjavík varð mikil umræða um tónlistarskóla og margir stigu fram til að benda á þegar niðurskurður í þeim málaflokki var til umræðu að íþróttastarfið fengi svo mikið meira. Það er þó þannig að hér í Reykjavík kostar það borgina 260.000 kr á ári að hafa nemanda í tónlistarnámi en um 80 þúsund í íþróttastafi. Það var ekki íþróttahreyfingin sem fór fram á völlinn með þennan samanburð til að byrja með heldur þvert á móti voru það listamenn. Líklega er hægt að segja að rétt sé að fara í samanburð milli þessara greina þó að ég hafi talið það rangt til að byrja með. Við erum að tala um börn og unglinga í báðum tilfellum. Við erum að tala um uppbyggilegt starf með þessum hópum og við erum að tala um starf sem er mikilvægt fyrir samfélagið. En samanburðurinn er ekki íþróttum í hag. Þvert á móti hallar verulega á fjárframlög til íþróttahreyfingarinnar í þessum samanburði og reyndar er það þannig að framlög til starfseminnar eru ekki há þegar litið er til mikilvægis starfsins eða í samanburði við annað starf.

Það var góð hugmynd hjá Menntamálaráðuneytinu að gera úttekt á hagrænu gildi menningar og lista. Niðurstaða þeirrar vinnu sýndi að hagrænt gildi menningar og listastarfs skiptir íslenskt samfélag verulegu máli. Störfin eru fleiri en í meðal álveri og efnahagslegt gildi starfseminnar verulega mikilvæg fyrir íslenskt samfélag. Ég er hæst ánægður með þessa vinnu, þó ég verði að viðurkenna að svekkjandi er að íþróttamálaráðuneytið hafi ekki áttað sig á að íþróttir eru menning. En það er einmitt þetta sem er

vandamálið, skilningsleysi ráðamanna á íþróttum getur hæglega byrjað að skaða starfsemina ef ekki er snúið af þessari braut. Það fyrsta sem ríkisstjórnin ætti að gera er að breyta nafni Mennta og menningarmálaráðuneytisins í Mennta-, menningar- og íþróttamálaráðuneyti. Hálf íslenska þjóðin er hluti af íþróttahreyfingunni og á skilið þann sess hjá ráðuneytinu. Í framhaldi af því ætti ráðherra að taka næsta skref í að kanna hagræn gildi mismunandi menningarstarfs og gera úttekt á hagrænum gildum íþróttastarfs. Ég vona að tillaga sem liggur fyrir þinginu um þetta mál verði samþykkt.

Fyrir þinginu er líka tillaga frá stjórn ÍBR þar sem menntamálaráðherra er hvattur til að taka allt það afreksíþróttafólk sem líklegt er til að ná lágmarkum fyrir Ólympíuleikana í London 2012 og greiða þeim í eitt og hálf títill ár sem svarar fullum listamannalaunum til þess að þau geti æft af krafti fyrir leikana og séu þar með líklegri til að ná inn á leikana. Í samhenginu við hagræn gildi þá er líklega fátt eins gott í kynningarstarfi fyrir land og þjóð eins og góður árangur á ólympíuleikum, nema ef væri gott eldgos.

Á næstu árum verður það eitt stærsta verkefni íþróttahreyfingarinnar að kynna starfsemina og ná í meiri fjármuni inn í starfið til að jafna það óréttlæti sem hefur verið gagnvart íþróttum. Við þurfum að endurskoða allt kerfið og kanna hvort við séum búin að loka okkur inni í kerfi fjárframlaga sem ekki getur stækkað, heldur aðeins minnkað eins og raunin hefur verið á undanförunum árum. Við höfum mjög mikilvægan tekjustofn í Lottóinu og Getrauninum sem hefur reynst hreyfingunni einstaklega vel. Núna hefur verið ákveðið að setja í gang vinnu við að endurskoða Lottóið, til að sjá hvort rétt sé að Bandalag Íslenskra listamanna verði hluti af þeim aðilum sem eiga fyrirtækið og fá af því tekjur. Þetta er umræða sem í raun er alveg ótrúleg og sýnir vanþekkingu á starfinu. Það er okkar hlutverk að standa vörð um okkar tekjustofna. En ég tel að við eigum að nýta okkur þetta tækifæri og sækja fram. Við erum að horfa á eftir hundruðum milljóna út úr landinu á erlendum vefsíðum sem bjóða uppá fjárhættuspil sem er áhyggjuefni fyrir allan okkar efnahag en er um leið tækifæri til að sækja á ný mið. Við eigum að ræða það alvarlega hvort okkar þekking á þessum markaði geti ekki nýst hreyfingunni betur og við þannig náð í nýja tekjustofna fyrir íþróttirnar. Um leið náum við að halda eftir í samfélaginu verulegum fjármunum sem annars renna úr landi. Við verðum að nálgast öll mál hvort sem það er gagnrýni eða lof með opnum hug og vera tilbúin til að ræða öll mál með það að markmiði að efla enn frekar okkar starf og hreyfinguna í heild. Það er ekki eðli góðra íþróttamanna að leggjast í vörn, því sókn er besta vörnin.

Eins og fram hefur komið hafa þessi tvö ár verið einstaklega skemmtileg og fræðandi fyrir mig, um leið og erfitt hefur verið að takast á við ýmis mál. Ég hef haft með mér verulega gott fólk í stjórn ÍBR og þar hefur verið góður samhljómur um framgang íþróttamála í borginni og ég vil þakka þeim öllum samstarfið á liðnum tveimur árum. Tveir aðilar hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér aftur til stjórnarsetu en það eru þeir Haraldur Baldursson sem setið hefur eitt kjörtímabil og þakka ég honum samstarfið í alltof stuttan tíma. Jónas Sigurðsson hefur setið í stjórn ÍBR síðan árið 2000 og verið afar mikilvægur fyrir alla hreyfinguna á þeim tíma. Hann mun áfram starfa fyrir hreyfinguna, starfa hjá sínu félagi í Vesturbænum og ég er viss um að hægt verður að leita til þeirra beggja þegar á þarf að halda. Ég vil þakka Jónasi fyrir hans framlag til ÍBR á þessum langa tíma.

Starfsmenn á skrifstofu ÍBR hafa líka reynst einstaklega vel á síðustu tveimur árum. Þar fer fólk sem hefur brennandi áhuga á að ná árangri fyrir starfið og vinnur með fagleg markmið að leiðarljósi. Ég vil þakka þeim samstarfið og hlakka til að halda áfram á þeirri braut sem við höfum markað.

Að lokum þetta kæru félagar.

Á næstu misserum ríður á að við sem störfum í íþróttahreyfingunni í Reykjavík snúum böku saman af meiri krafti en áður til að sækja fram fyrir þetta mikilvæga starf. Við verðum að keyra á fullum krafti í þau verkefni sem ég hef hér tíundað. Því það skiptir verulegu máli að við sýnum sameiginlegan styrk í þeirri

baráttu sem framundan er við að koma Íþróttahreyfingunni á þann stað sem henni er sæmandi í íslensku samfélagi.

Ég segi 45. þing íþróttabandalags Reykjavíkur sett.

**Dagur B. Eggertsson**, formaður Borgarráðs, ávarpaði þingið. Hann sagði okkur hafa staðist stóra prófið. Þrátt fyrir þessi efnahagslegu áföll hefur tekist að standa saman um grundvallar atriði þ.e. það sem er mikilvægast í samfélaginu, börn og unglinga. Sá veruleiki sýnir okkur að þrátt fyrir allt líður börnunum í borginni betur en áður. Það er ekki fjármálum og pólitík að þakka heldur öllu því góða fólki sem starfar með börnum og unglinga í borginni. Börn taka jafnvel meiri þátt í félagsstarfi og í íþróttum. Þakkar íþróttahreyfingunni fyrir að hafa staðið sig vel. Fjármál borgarinnar hafa ekki gefið þetta til kynna. Af hverju er ég að draga þetta upp? Jú núna þurfum við að horfa fram á við og ákveða hvernig við ætlum að halda á spilunum og vinna áfram.

Ef við horfum á fjármál ÍTR og lítum aftur til 2006 þá hafa framlögin til íþrótt- og tómskundarmála aukist um 14,6% á tímabilinu. Eina sviðið sem hefur aukist meira á þessum tíma eru leikskólamálin en velferðarmálin höfðu aukist um 14%. Til samanburðar þá höfðu fjármál til annarra sviða dregist verulega saman. Menningin um 15% en hörðu sviðin svokölluð um allt að 25%. Þ.e.a.s. þetta endurspeglar að eftir hrun var forgangsraðað býsna bratt fyrir börn og unglinga í borgarkerfinu og mest skorið niður á þessum hörðu sviðum. Þetta segir alla söguna um fjárhagslegan veruleika íþróttafélaganna í Reykjavík vegna þess að stærsti hluti þessarar aukningar var vegna fjárfestinga og framlaga til bygginga og tækja, þar var mest aukningin og síðan á frístundaheimilunum.

Ef við horfum á tölurnar eins og þær hafa þróast beinlínis frá hrúni þ.e.a.s. ef við förum ekki alveg aftur til 2006 þá sést að hagræðing á íþrótt- og tómskundasviði 2009-2011 er töluverð eða 14,8% og reyndar líka í leikskólunum 15,1% og á menntasviði 12,4% þegar það er búið að leiðrétta fyrir barnafjölgun, nemendafjölgun og þessum stóru byggingarverkefnum.

Þegar við tökum steinsteypuna til hliðar þá hefur þurft að spara alls staðar og það er auðvitað sá veruleiki sem að þið hafið fundið fyrir í ykkar störfum. Þessa mynd, í báðum tilfellum þarf að horfa á þegar við horfum fram á veginn, vegna þess að þegar að við drögum fram að frá 2006 hafi framlög til þessara málaflokka aukist þetta, þá erum við að undirstrika að það hafa verið peningar til en þeir hafa að mjög miklu leiti farið í fastakostnaðinn, húsnæðið, aðstöðuna og tækin. Um leið og það hefur þurft að draga saman þá hefur það kannski bitnað meira á starfinu með börnunum bæði inn í skólunum og í íþróttahreyfingunni og ef við gætum spólað 5-10 ár aftur í tímann þá er ég ekki viss um að við hefðum viljað byggja jafn flott og stórt alls staðar, heldur hefðum við viljað setja meiri peninga í starfið og uppeldishlutverk bæði hreyfingarinnar og borgarinnar. Þetta blasir sérstaklega við þegar við horfum á grunnskólana, á síðustu 5-6 árum þá hafa verið byggðir um 25 þúsund nýjir fermetrar í grunnskólum Reykjavíkur sem jafnast á við allt tónlistarhúsið jafnvel þó að börnum hafi fækkað um 9% á sama tíma. Við erum og höfum verið að leggja, í gegnum bóluárin, of mikið upp úr umgjörðinni og steinsteypunni en höfum ekki burði til að fylgja því eftir í innra starfinu, sérstaklega þegar harðnar á dalnum.

Ég ver þessum tíma í þetta samhengi vegna þess að núna held ég að við horfum fram á 5 ár enduruppbyggingar. Við erum komin á þann stað í efnahagslífinu að okkur er ekki að skjóta upp eins og gorkúlu eins og ég og margir aðrir vonuðumst að myndi gerast strax eftir kreppu en við erum á uppleið og á næstu 5 árum munum við ná þar í landframléiðslu og þar með tekjunum sem eru til skipta í samfélaginu, að eftir fimm ár verðum við á svipuðum stað og við vorum 2008.

Tímann núna nýtum við þess vegna mjög vel í að fara í gegnum það að horfa til framtíðar þegar við tökum ákvarðanir um það hvernig við ætlum að verja þessari töluverðu tekjuaukningu sem við eigum von á um það bil 15-20%, skynsamlega.

Eitt af því sem hefur sýnt styrk þessa samfélags frá hrúni er samvinnan sem Reykjavíkurborg hefur átt við íþróttahreyfinguna við endurhugsun og endursamninga, því að í raun voru flest öll stóru íþróttafélögin með mjög stóra samninga sem gerðir höfðu verið á árunum 2005-2008 sem að augljóst var að Reykjavíkurborg mundi eiga í mjög miklum erfiðleikum með að uppfylla til fulls. Ég er að tala um samninga um Dalhúsin við Fjölni sem í heild var metin á 3,2 milljarða, Fram í Úlfarsárdal sem er metin á 3,4 milljarða, Lautin hjá Fylki upp á 1,5 milljarð, Íþróttahús ÍR í Mjódd upp á 2 milljarða, samtals eru þetta fjárfestingar í frekari mannvirkjum upp á 10,5 milljarða.

Ég sagði ÍBR á kosningafundi, fyrir kosningar, að í mínum huga þá væri ekki hægt að fara í þetta allt og að það þyrfti að hugsa hvað af þessu mætti bíða eftir íbúapróun eins og í Úlfarsárdal. Stóru tíðindin í þessu eru að íþróttahreyfingin í Reykjavík og þessi félög sérstaklega hafa sýnt alveg gríðarlega ábyrgð í samskiptum við borgina og það hefur verið endursamið um leiðir til að mæta börnum og unglimum í þjónustu í þessum hverfum við öll þessi félög. Með aukningu í Egilshöll í samningum við Fjölni, með þjónustu við Mest húsið í samningum með yfirtöku ÍR á íþróttahúsum í Breiðholti og nú síðast í morgun var lagður fram viðaukasamningur við íþróttafélagið Fram um gervigrasvöll og sáningu á grasvelli strax í sumar upp í Úlfarsárdal en fresta um að minnsta kosti um 3 ár stóra húsinu sem þar var á teikniborðinu. Ekki vegna þess frekar en í Breiðholti að menn væru að útiloka til framtíðar að það gæti verið skynsamlegt að fara í þær framkvæmdir heldur vegna þess að uppbyggingin í Úlfarsárdal hefur verið hægari en við ætluðum og það er ábyrgt að koma til móts við börnin í Úlfarsárdal með nýjum völlum en við verðum að geyma húsið. Fyrir þetta vil ég þakka íþróttahreyfingunni í Reykjavík fyrir þá ábyrgð sem öll félög í borginni hafa sýnt en hvetja til þess að við förum öll með opnum huga inn í þá stefnumótun sem þegar er hafin. Jafnframt þurfum við að velja því fyrir okkur þegar við horfum til næstu 10-20 ára hvernig skynsamlegt er að verja fjármunum fyrir börn og unglunga í borginni þannig að við fáum sem mest út úr faglegu starfi sem skilar miklu fyrir krakkana og fyrir framtíðina.

Hvernig sjáum við fyrir okkur skipulag hverfafélaganna? Getur verið að stjórnáamennirnir í Reykjavík hafi klúðrað einstöku tækifæri þegar að íþróttaforrustan í Reykjavík var búin að leggja til róttækrar breytingar í þessum efnum, 2004 og 2005 með róttækri fækkun félaga vegna þess að börnum var ekki að fækka eins hratt og metnaðurinn í faglega starfinu? Getur verið að þegar við horfum á þessa 10 milljarða í fjárfestingaþörf til framtíðar að það sé hægt að verja honum skynsamlegar heldur en gert var ráð fyrir í plönunum sem við lögðum sameiginlega fyrir hrúni? Þetta eru stóru spurningarnar ásamt því að við stöndum frammi fyrir því í breyttu samfélagi að við verðum að tryggja börnum og unglimum jöfn tækifæri til þess að njóta þessarar frábæru þjónustu. Eigum við að gera það í gegnum frístundarkortið eða þurfum við að ganga lengra til móts við fjölskyldur sem búa við bágan efnahag? Svona svart er þetta nú ekki. En þetta eru verkefnin og þess vegna finnst mér stóru spurningarnar ekki vera hvernig nákvæmlega yfirstjórnin er í hverjum og einum skóla, þó að mikið hefur verið rætt um það á undanförunu, heldur hvort við getum með skipulagsbreytingum í yfirstjórn skilið eftir meiri peninga í skólunum fyrir kennsluna og innra starfið með krökkunum, hvort við getum með endurhugsun á því hvernig við skipuleggjum íþróttastarfið og tökum það meira inn í skólana, skilið meira eftir fyrir innra starfið á kostnað frekari fjárfestinga á mannvirkjum og hvort að við getum með endurskipulagningu og hugsanlega einhverri fækkun eða eða aukinni samvinnu félaga í Reykjavík skilið eftir meira púður og helst allt púðrið í þessu uppeldisstarfi og vinnu með börnum og unglimum, þar köllum við á sýn og lausnir frá ykkur. Við ætlum ekki að guggna á því að taka djarfar ákvarðanir ef að þið komið með lausnirnar eins og gerðist hér árin 2004 og 2005, við segjum einfaldlega, við erum til ef þið eruð til. Markmiðin eru sameiginleg, þau eru að standa vörð og efla faglegt starf með börnum og unglimum í íþróttum, í tónlist, í listum, inni í skólunum þar sem það er skynsamlegt, í þessum fyrrnefndum mannvirkjum því þau á að nýta og við skulum ekki útiloka að fjárfesta í frekari aðstöðu þar sem það er skynsamlegt en við skulum fara yfir það saman með mjög opnum huga, hvernig þessum peningum er best varið, því að meira er ekki alltaf betra þegar mannvirki eru annars staðar. Við höfum líka geysilegan

metnað fyrir þessu starfi, fyrir því að lækka kostnaðinn við fjölskyldur þannig að allir geti tekið þátt því að þannig mælum við árangurinn og vellíðunina og þannig vonumst við til að geta unnið út þetta ár í þessari stefnumótun sem við bindum mjög miklar vonir við. Þakka ykkur fyrir.

**Hafsteinn Pálsson**, framkvæmdastjórn ÍSÍ, byrjaði á því að bera þinginu kveðju frá forseta ÍSÍ, framkvæmdastjórn ÍSÍ og öllu starfsfólki sambandsins. Hann þakkaði fyrir mikið og gott starf ÍBR og aðildarféлага þess að íþróttastarfi og því samfélagshlutverki sem þau gegna í Reykjavík. Öll viljum við að það sé hugað sérstaklega að okkar minnsta bróður og þar sinna félögin og það grasrótastarf sem á sér stað í okkar hreyfingu mikið og stórt hlutverk.

Hann benti þinginu á að ÍSÍ þing væri ný afstaðið og þar hefðu verið gerðar töluverðar breytingar á regluverki sem þarf að skoða og taka tillit til. Hann sagði að skoða þyrfti hvort að það þurfi að gera breytingar. Formaður kom inná Getspá og getraunir. Hann hvatti þingfulltrúa til að standa vörð um þessa mjólkurkú. Þó að upphæðirnar virki ekki stórar þá skipta þær máli. Einnig hvatti hann þingfulltrúa til að nýta betur getraunir. Hafsteinn sagði margt framundan hjá ÍSÍ. Smáþjóðaleikar í Lichtenstein, Ólympíuhátíð Æskunnar í Tyrklandi þar sem við eigum fulltrúa, glæsileg ungmenni sem taka þátt. Á næsta ári eru Ólympíuleikar í London, spennandi að sjá hver okkar þátttaka verður. Jafnframt er 100 ára afmæli ÍSÍ. Hann hvatti alla til að vera með veglega dagskrá í gangi á þessu afmælisári. Við þurfum að sýna styrk okkar og vera samtaka í því að gera þetta að eftirminnilegu ári. Mér er það skylt og ljúft að koma að almenningsverkefnum. Lífshlaupið var haldið í vetur, þar var glæsileg þátttaka og fer sístækkandi, hvet ykkur til þess að kynna það áfram. Í næstu viku fer af stað verkefnið Hjólað í vinnuna, það fer einnig stigvaxandi og vekur athygli héraðs og erlendis hvað þátttakan er almenn. Rósin í hnappagatinu verður svo þann fjórða júní en þá fer Kvennahlaupið fram. Vill þakka ÍBR fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári og óskar þess að þingið verði starfsamt og árangursríkt.

Ingvar Sverrisson: „Það hefur verið hefð fyrir því á þingum ÍBR að minnast látinna féлага og ætla ég nú að gera það.“

**Sigurður Ólafsson** lést 25.febrúar 2009. Hann var fæddur 7.desember 1916 og gekk ungur til liðs við Val. Lék handknattleik í fyrstu mótum þeirrar greinar og varð Íslandsmeistari fjórum sinnum. Lék með meistaraflokki í knattspyrnu í 22 ár 1935-1957, Íslandsmeistari níu sinnum. Lék í fjórum fyrstu landsleikjum Íslands 1946-1949. Formaður Vals 1946.

**Þorbjörn Friðriksson** lést 25.febrúar 2009. Hann var fæddur 29.apríl 1934 og gekk ungur til liðs við KR. Þar lék hann um árabíl bæði knattspyrnu og handknattleik með meistaraflokkum félagsins. Hann varð tvisvar Íslandsmeistari í knattspyrnu 1952 og 1955 og 1958 í handknattleik. Hann var um árabíl baðvörður á íþróttæfingum í íþróttahúsi Vogaskóla.

**Eiríkur Björgvinsson** lést 8.júní 2009. Hann var fæddur 7.ágúst 1948. Hann hafði sérstakan áhuga á körfuknattleik og bauð drengjum í Laugarneshverfi á æfingar í Laugarnesskóla. Úr þessu starfi hans varð til körfuknattleiksfélagið Kátur, sem síðan varð að deild í Fram.

**Hörður Barðdal** lést 4.ágúst 2009. Hann var fæddur 22.maí 1946. Hann hlaut varanlega fötlun í lómunarveikinni 1955. Hann var einn af frumkvöðlum íþróttastarfs fatlaðra eftir keppni og þjálfun sundfólks KR 1965-1970. Keppti í sundi fatlaðra 1976-1977 á Norðurlandamóti. 1.íþróttamaður fatlaðra 1977. Gjaldkeri í stjórn Íþróttasambands Fatlaðra 1979-1986.

**Geir Kristjánsson** lést 14.ágúst 2009. Hann var fæddur 16.janúar 1934 og hóf knattspyrnuæfingar hjá Fram ungur og lék í marki meistaraflokks um árabíl. Hann var einn af stofnendum Gosa

körfuknattleiksfélags sem síðar varð Körfuknattleiksfélag Reykjavíkur sem síðar varð að körfuknattleiksdeild Vals.

**Gunnar Hauksson** lést 26.ágúst 2009. Hann var fæddur 1.febrúar 1951. Hann var um 10 ára skeið formaður Skíðadeildar Hrannar. Varð forstöðumaður í íþróttahúsinu Austurbergi og síðar bættust í hans forstöðu Breiðholtslaug, íþróttahús Kennaraháskólans og Seljaskóla.

**Ólafur Þór Gunnlaugsson** lést 22.september 2009. Hann var fæddur 12.janúar 1955 og byrjaði ungur sundiðkun hjá KR. Átti um tíma 13 íslandsmet. Þjálfaði KR 1994-1998 en átti þá þátt í að stofna sunddeild Fjölnis og þjálfaði þar til dauðadags.

**Rúnar Guðmannsson** lést 9.október 2009. Hann var fæddur 14.júlí 1939 og gekk ungur til liðs við Fram. Þar lék hann bæði handknattleik og knattspyrnu upp alla yngri flokka, síðar í meistaraflokki beggja greina. Hann lék 6 landsleiki í knattspyrnu og í handknattleik 1959. Í Evrópukeppni gegn Dundee fékk hann spark í annað hnéð og þar með var ferlinum lokið 22 ára.

**Gísli Þór Sigurðsson** lést 26.október 2009. Hann var fæddur 3.mars 1922. Árið 1953 veiktist hann af berklum og varð að gefa iðn sína rafvirkjun upp á bátinn. Húsvörður íþróttahús Vals 1965-1973, í stjórn knattspyrnudeildar Vals 1967-1978, í Knattspyrnuráði Reykjavíkur 1979-1989, og formaður síðustu 7 árin. Sat í Íþróttaráði Reykjavíkur 1978-1982.

**Bergur Guðnason** lést 5.nóvember 2009. Hann var fæddur 29.september 1941. Hann gekk ungur til liðs við Val og lék bæði handknattleik og knattspyrnu upp alla yngri flokka. Valdi við 20 ára aldur handknattleik og lék þar í meistaraflokki um árabíl og var nokkrum sinnum valinn í landslið. Hann var formaður Vals 1977-1981, átti sæti í stjórn HSÍ og Íþróttadómstól ÍSÍ um árabíl.

**Valbjörn Þorláksson** lést 3.desember 2009. Hann fæddist 9.júní 1934. Hóf knattspyrnuíðkun í Keflavík en breytti síðan yfir í stangastökk og átti þar Íslandsmet í áratugi. Síðar varð tugbraut fyrir valinu. Íþróttamaður ársins 1959 og 1965. Keppti á þrennum Ólympíuleikum 1960, 1964 og 1968. Norðurlandameistari í tugbraut 1965. Starfaði sem baðvörður í Sundhöll Reykjavíkur, flutti yfir á Laugardalsvöll og sá um Baldurshaga um árabíl. Heimsmeistari í tugbraut í Hannover 1979 í flokki 45 ára og eldri.

**Eggert Steinsen** lést 15.janúar 2010. Hann var fæddur 5.desember 1924 á Akureyri og þar komst hann í kynni við skautaíþróttir og skíði. Hann settist að á höfuðborgarsvæðinu eftir nám og sat í stjórn Skautafélags Reykjavíkur. Síðar vann hann að stofnun Skautasambandsins. Sæmdur gullmerki ÍBR 1995.

**Guðlaugur Guðjónsson** lést 17.janúar 2010. Hann var fæddur 2.apríl 1913. Hann var golfiðkandi af lífi og sál og sat um skeið í stjórn Golfklúbbs Reykjavíkur. Hann var fulltrúi þeirra í fulltrúaráði ÍBR og kosinn í framkvæmdastjórn ÍBR árin 1961-1965.

**Walter Hjaltested** lést 10.febrúar 2010. Hann var fæddur 14. mars 1934 og var einn af frumkvöðlum að stofnun knattspyrnudeildar ÍR eftir flutning félagsins í Breiðholtið. Hann lék badminton í áratug með heldri manna klúbbum „Gamle manne holdet“.

**Séra Bragi Friðriksson** lést 27.maí 2010. Hann var fæddur 15.mars 1927 og var á yngri árum keppandi KR í kúluvarpi og kringlukasti. Hann var ráðinn fyrsti framkvæmdastjóri Æskulýðsráðs Reykjavíkur 1957-1964 en það var fyrirrennari ÍTR. Hann átti í nokkur ár sæti í Héraðsdómi ÍBR.



**Guðmundur Georgsson** lést 13. júní 2010. Hann var fæddur 11. janúar 1932 og hóf ungur iðkun handknattleiks og knattspyrnu í KR og lengst af sem markvörður. Hann varð Íslandsmeistari 1952 og 1955. Hann tók þátt í stofnun körfuknattleiksfélagsins Gosa sem síðar varð að Körfuknattleiksfélagi Reykjavíkur og þar var hann formaður í 5 ár.

**Gunnlaugur Viðar Guðjónsson** lést 20. júní 2010. Hann var fæddur 31. desember 1941. Hann var um árabíl baðvörður á kvöldæfingum í Fellaskóla.

**Vilhelm Ingvar Andersen** lést 7. júlí 2010. Hann var fæddur 6. apríl 1936. Hann var einn af landnemum Víkings í Smáibúðarhverfinu, var formaður knattspyrnudeildar um árabíl, og sat síðan í aðalstjórn Víkings.

**Sigurður Sveinn Jónsson** lést 12. júlí 2010. Hann var fæddur 4. janúar 1933. Hann lék handknattleik frá unga aldri með Víking og sinnti stjórnarstörfum og var formaður deildarinnar um skeið. Hann var kosinn formaður HSÍ 1974-1979.

**Guðmundur Ingimundarson** lést 13. júlí 2010. Hann var fæddur 27. október 1924 og var frá unga aldri mikill Vals-maður. Hann var í stjórn skíðadeildar, skálahaldari í skíðaskála félagsins, fulltrúi Vals í mótanefnd KRR og einnig í húsnefnd að Hlíðarenda.

**Gunnar Már Pétursson** lést 5. ágúst 2010. Hann var fæddur 2. febrúar 1934 í Kaupmannahöfn þar sem hann bjó fram til 1945. Hann gekk fljótlega til liðs við Víking, var kosinn formaður 1952-1957 og aftur 1965-1973. Formaður byggingarnefndar félagsheimilis við Hæðargarð í 10 ár og átti stærsta þátt í flutningi félagsins úr Vatnsmýrinni í Hæðargarð.

**Ívar Örn Guðmundsson** lést 12. september 2010. Hann var fæddur 25. mars 1976. Hann keppti fyrir Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík í boccia og var þar margfaldur íslandsmeistari sem einstaklingur og í sveit. Hann tók þátt í mótum á erlendri grundu, Norðurlandamótum og Malmö Open.

**Rut Guðmundsdóttir** lést 30. september 2010. Hún var fædd 8. febrúar 1940. Hóf ung að leika handknattleik með Ármanni og kom ung inn í meistaraflokk sem markvörður. Hún var 16 ára valin í landsliðið 1956 og lék þar 17 leiki til 1965. Var í Norðurlandameistaraliði Íslands á Laugardalsvelli 1964.

**Hörður Haraldsson** lést 5. október 2010. Hann var fæddur 11. september 1929. Var spretthlaupari hjá Ármanni. Keppti í landsliðinu 1951 á Bislet í Osló þegar Ísland sigraði bæði Danmörku og Noreg. Hann keppti í 100 metrum, 200 metrum og boðhlaupum. Hann keppti einnig á Ólympíuleikunum í Helsinki 1952.

**Erlingur Þ. Jóhannsson** lést 27. nóvember 2010. Hann var fæddur 10. október 1944. Hann iðkaði sund í KR, var ráðinn forstöðumaður Sundlaugar Vesturbæjar 1965-1981, var eftir það íþróttfulltrúi borgarinnar til 2005. Hann var 1964-1978 formaður og þjálfari Sunddeildar KR og hjá Íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík eftir 1980. Sat í stjórn Íþróttasambands fatlaðra 1996-2008.

**Jóhannes Bergsteinsson** lést 19. desember 2010. Hann var fæddur 3. janúar 1912 og gekk ungur til liðs við Val. Hann lék með meistaraflokki í knattspyrnu 1929-1940 og varð á þeim árum sjö sinnum Íslandsmeistari. Var í fyrstu landsliðsnefnd 1946. Hann var einn af kaupendum Hlíðarenda við Öskjuhlíð fyrir Val og vann síðar mikið við framkvæmdir þar. Hann var útgefandi fyrstu kennslubókar í knattspyrnu sem gefin hefur verið út hérlendis.

**Jón Erlendsson** lést 19. desember 2010. Hann var fæddur 2. apríl 1926 og lék ungur handknattleik með Ármanni, Íslandsmeistari 1949. Hann lauk íþróttanámi í Stokkhólmi 1953 og helgaði sig íþróttastarfi upp frá því. Hann starfaði í 20 ár fyrir HSÍ, framkvæmdastjóri frá 1985, í landsliðnefnd og liðstjóri landsliða um árabil. Fræðslufulltrúi ÍSÍ um langt skeið. Hann sá um faglegan undirbúning þjálfaranámskeiða ÍBR.

**Guðmundur Þorsteinsson** lést 16. janúar 2011. Hann var fæddur 1. október 1942 og gekk ungur í raðir ÍR og lagði stund á körfuknattleik. Varð margfaldur Reykjavíkumeistari og Íslandsmeistari. Oft valinn í landsliðið og eftir að því lauk gerðist hann þjálfari landsliðsins 1968-1972. Hann sat nokkur ár í stjórn Körfuknattleikssambands Íslands.

**Thor Vilhjálmsson** lést 2. mars 2011. Hann var fæddur 12. desember 1925. Hóf júdóæfingar þegar hann var hálfur aldar gamall og tók hverja gráðuna af annarri og endaði sem 2. dan. Hann var um nokkurra ára skeið formaður Júdófélags Reykjavíkur.

**Sigurður Magnússon** lést 27. mars 2011. Hann var fæddur 2. júní 1928. Á skólaárunum lagði hann stund á handknattleik hjá ÍR en veiktist af berklum á unga aldri og varð að hætta iðkun. Var ráðinn framkvæmdastjóri ÍBR 1948-1954. Fyrsti formaður Íþróttasambands fatlaðra 1979. Útbreiðslustjóri ÍSÍ allan áttunda áratug síðustu aldar og framkvæmdastjóri ÍSÍ frá 1985-1995. Þegar Laugardalshöllin var í undirbúningi og byggingu var hann fulltrúi ÍBR í bygginganefndinni.

Ingvar bað viðstadda að rísa úr sætum og votta látnum félögum virðingu.

Ingvar sagði frá því að nú yrði sýndur hluti úr mynd um Melavöllinn sem verið væri að ljúka við að gera.

Að mynd lokinn sagði Ingvar að gert yrði stutt hlé og bauð þingfulltrúum og gestum að þiggja kaffiveitingar.

**Kl. 17:30** Hlé

Ingvar bauð þingfulltrúum að ganga aftur í salinn. Hann tilkynnti að sýnt yrði meira af Melavallarmyndinni daginn eftir í lok þings þannig að fólk yrði örugglega að sitja allt þingið.

## 2. Kosning fyrsta og annars þingforseta og fyrsta og annars þingritara.

Ingvar lagði til Sigríði Jónsdóttur sem fyrsta þingforseta og Stein Halldórsson sem annan þingforseta. Samþykkt með lófataki. Hann bað Sigríði að taka við stjórn þingsins.

Sigríður þakkaði fyrir það traust sem henni væri sýnt að fá að stjórna þinginu. Hún sagðist hafa verið annar þingforseti á síðasta þingi og þá verið í nokkurskonar læri hjá Sveini Jónssyni.

Sigríður sagði að tillaga væri um fyrsta þingritara Önnu Lilju Sigurðardóttur og annan þingritara Brynju Guðjónsdóttur. Samþykkt með lófataki.

## 3. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.

Tillaga um Stefán L. Aðalsteinsson (formaður kjörbréfanefndar), Önnu Karlsdóttur og Kristinn Rúnar Jónsson. Sigríður bað þau um að taka til starfa og fór fram á að þau fengu að halda áfram þingstörfum á

meðan kjörbréfanefnd færi yfir kjörbréfin. Enginn hreyfði við mótmælum þannig að hún leit á að það væri samþykkt.

#### 4. Lagt fram og rætt: Skýrsla stjórnar og ársreikningar og atkvæði greidd um þá.

Ræða formanns er skýrsla stjórnar og er hægt að nálgast á rafrænu formi. Sigríður biður gjaldkera ÍBR Lilju Sigurðardóttur að flytja reikninga ÍBR.

#### 5. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun yfirstandandi árs og næsta árs og skattgreiðslur félaganna.

##### Þingskjal 1

Fjárhagsnefnd

#### Fjárhagsáætlun Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.

### Íþróttabandalag Reykjavíkur

					Fjárhagsáætlun	
	Áætlun 2009	Raun 2009	Áætlun 2010	Raun 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012
<b>Tekjur: (í þús.kr.)</b>						
Framlag Borgarsjóðs	1.050.000	1.043.903	1.100.000	1.148.818	1.670.000	1.670.000
Útbreiðslustyrkur ÍSí	4.200	5.930	4.200	6.595	6.200	6.200
Lottótekjur	35.000	47.119	35.000	51.967	49.000	49.000
Skattar félaganna	2.400	2.365	2.500	2.492	5.000	5.000
Útleiga skólasala	27.000	31.043	27.000	29.325	32.000	32.000
Íslenskar getraunir	6.000	9.359	6.000	8.855	8.400	8.400
Þjónustugjöld	3.000	3.000	3.000	3.700	3.700	3.700
Framlag v/íþróttaskóla	23.000	26.046	24.000	24.735		
Vaxtatekjur	3.500	9.619	3.500	2.693	2.000	2.000
Aðrar tekjur	2.500	2.853	2.500	2.002	2.500	2.500
Rekstrartap						
<b>Tekjur alls:</b>	<b>1.156.600</b>	<b>1.181.237</b>	<b>1.207.700</b>	<b>1.281.182</b>	<b>1.778.800</b>	<b>1.778.800</b>
<b>Gjöld: (í þús.kr.)</b>						
Styrkir og framlög Laun og launat.gjöld	1.071.000	1.084.096	1.121.000	1.185.933	1.705.000	1.705.000
Skrifstofukostnaður	37.000	36.794	39.000	37.621	40.000	40.000
Fundur og ráðstefnur	3.000	6.027	3.000	2.634	3.000	3.000
Aksturskostnaður	1.200	1.671	900	1.251	1.200	1.200
	2.500	2.387	2.500	1.681	2.500	2.500

Gjafir og risna	1.000		1.000		1.500	1.000
Útbreiðslustarf	2.000	2.073	2.000	1.871	2.000	2.000
Íþróttaskóli félaga	23.000	25.991	24.000	24.703		
Verkefnastyrkir	13.300	13.268	11.700	18.052	16.000	17.000
Vextir og fjmsk.	400	880	400	653	650	650
Afskriftir	2.200	2.099	2.200	1.919	2.200	2.200
Reksturshagnaður		5.951		4.864	4.750	4.250
<b>Gjöld alls:</b>	<b>1.156.600</b>	<b>1.181.237</b>	<b>1.207.700</b>	<b>1.281.182</b>	<b>1.778.800</b>	<b>1.778.800</b>

## Húsnæðis- og framkvæmdasjóður

### Fjárhagsáætlun

	Áætlun 2009	Reikn. 2009	Áætlun 2010	Reikn. 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012
<b>Tekjur: (í þús.kr.)</b>						
Húsaleigutekjur	5.600	5.497	5.800	6.169	10.000	13.000
Byggingastyrkur					4.000	4.000
Vextir og verðbætur	4.500	12.028	4.700	3.319	300	500
Rekstrartap						
<b>Tekjur alls:</b>	<b>10.100</b>	<b>17.525</b>	<b>10.500</b>	<b>9.488</b>	<b>14.300</b>	<b>17.500</b>
<b>Gjöld: (í þús.kr.)</b>						
Viðhald fasteignar	4.000	5.412	4.000	4.245	2.000	2.000
Fasteignagjöld	500	1.458	500	852	900	1.000
Rekstur sameignar	1.000	2.038	1.000	1.351	1.200	1.500
Rafmagn og hiti	500	464	520	390	400	500
Tryggingar	700	692	700	1.002	800	900
Skrifstofukostnaður	900	900	900	900	900	900
Styrktarsj. ÍBR/SPRON	2.000	200	2.000			
Fjármagnstekjusk.	450	710	470	597	60	100
Rekstrarhagnaður	50	5.651	410	151	8.040	10.600
<b>Gjöld alls:</b>	<b>10.100</b>	<b>17.525</b>	<b>10.500</b>	<b>9.488</b>	<b>14.300</b>	<b>17.500</b>

**Jónas Sigurðsson**, framkvæmdastjórn ÍBR, lagði fram tillögu um hækkun skatta aðildarfélaga ÍBR. Hann talaði um að allir væru að lækka kostnað og auka tekjur. ÍBR eins og önnur félög hafa farið yfir alla þá tekjupósta sem hægt er að laga til þannig að fyrir liggur þessi tillaga 45. Þing ÍBR.

## Þingskjal 2

Fjárhagsnefnd

### Skattar aðildarfélaga til ÍBR Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.

**45. þing ÍBR, haldið 28.-29. apríl 2011, samþykkir að hækka skatt aðildarfélaga ÍBR til bandalagsins úr 50 krónum á hvern félag í 100 krónur.**

Greinargerð:

Gjaldið hefur ekki hækkað í langan tíma og því ekki fylgt verðlagi. Fjölgun félagsmanna getur vissulega verið jákvæð en undanfarin ár hefur hún verið það mikil hjá sumum félögum að spurningar vakna um réttmæti talna. Þessari fjölgun fylgir ekki endilega aukin innkoma félagsgjalda þar sem ekki virðist vera gengið eftir því að innheimta þau allsstaðar. Hækkun skatts getur því orðið til þess að félög annaðhvort taki til í sínum tölum eða nýti sér betur þennan vannýtta tekjumöguleika.

Rétt er að vekja athygli á því að í tillögum að lagabreytingum er gert ráð fyrir hækkun aldursmarka vegna skattgreiðslna úr 16 í 18 ára. Það þýðir að sá hópur sem greitt er fyrir minnkar um tvo árganga.

**Stefán L. Aðalsteinsson**, formaður kjörbréfanefndar, kynnti störf kjörbréfanefndar. Til setu á þinginu hafa 234 aðilar rétt á að sitja. Það eru mættir 107 frá 29 félögum og ráðum. Það er búið að skila inn 33 kjörbréfum, fjórir hafa ekki komið með gögn. Stefán las upp þá fulltrúa sem voru mættir:

- Dansfélagi Reykjavíkur – 3
- Glímufélag Ármanns – 6
- Golfklúbbur Reykjavíkur – 3
- Hafna-og mjúkboltafélag Reykjavíkur – 1
- Hestamannafélagið Fákur – 6
- Íþróttafélag Fatlaðra Rvk – 3
- Þróttafélagið Fylkir – 3
- Þróttafélag Reykjavíkur – 9
- Júðófélag Reykjavíkur – 1
- Keilufélag Reykjavíkur – 1
- Knattspyrnufélagið Fram – 7
- Knattspyrnufélagið Valur – 2
- Knattspyrnufélagið Víkingur – 8
- Knattspyrnufélagið Þróttur – 8
- Knattspyrnufélag Reykjavíkur – 8
- Skautafélag Reykjavíkur – 3
- Skotfélag Reykjavíkur – 6
- Skyldingarfélag Reykjavíkur – 4
- Sundfélagið Ægir – 1

- Tennis- og Badmintonfélag Reykjavíkur – 9
- Ungmennafélagið Fjölnir – 5
- Ungmennafélagið R36 – 1
- Ungmennafélag Kjalarnesinga – 1
- Ungtemplarafélagið Hrönn – 1
- Vélhjólaiþróttaklúbburinn – 2
- Badmintonráð Reykjavíkur – 1
- Frjálsíþróttaráð Reykjavíkur – 1
- Skíðaráð Reykjavíkur – 1
- Sundráð Reykjavíkur – 1
- Knattspyrnuráð Reykjavíkur – 1

Stefán lagði til að þessi tillaga og staðfesting á mætingu væri samþykkt. Hann vakti einnig athygli á því að fulltrúar félaga sem væru búnir að skila inn kjörbréfum en væru ekki mættir að þeir þyrftu að tilkynna sig inn á fundinn til þess að hafa atkvæðisrétt á fundinum deginum eftir. Þetta var samþykkt samhljóða.

#### **6. Fyrri umræða um lagabreytingar, sem liggja fyrir. Laganefnd kjörin til að athuga breytingar fyrir síðari fund þingsins.**

**Frímann Ari Ferdinandsson**, framkvæmdastjóri ÍBR, lagði fram tillögu stjórnar um lagabreytingar. Hann sagði aðallega verið að lagfæra orðalag, uppfæra miðað við nútímann og breytt lög ÍSÍ. Hann hljóp yfir helstu atriðin.

#### **Þingskjal 3**

Laganefnd

#### **Tillaga um breytingu á lögum ÍBR**

**Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR**

#### **45. þing ÍBR, haldið 28.-29. apríl 2011, samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum ÍBR:**

#### **Lög Íþróttabandalags Reykjavíkur**

##### **1. grein**

Íþróttabandalag Reykjavíkur, skammstafað ÍBR, er héraðssamband íþrótt- og ungmennafélaga í Reykjavík. Það starfar samkvæmt lögum ÍSÍ, 6. kafla og íþróttalögum nr. 64 frá 12. júní 1998, 6.gr.

##### **2. grein**

Hlutverk ÍBR er:

- a) Að gæta hagsmuna íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík og vera málsvari hennar gagnvart opinberum aðilum.
- b) Að stuðla að samstarfi íþróttafélaganna og veita þeim ráðgjöf.
- c) Að hafa frumkvæði um eflingu íþrótt- og félagsmálstarfs í Reykjavík.
- d) Að safna upplýsingum um starf og aðstæður íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík og kynna fyrir almenningi, eð ~~borgaryfirvöldum~~ [opinberum aðilum og fleirum](#).
- e) Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum Reykjavíkur og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð, sem stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála sbr.17.gr.
- f) Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraðinu.
- g) Að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til ~~þess~~ [þeirra](#) hefur verið veitt.
- h) Að staðfesta lög/[lagabreytingar](#) aðildarfélaga [til að þau öðlist gildi og halda utan um staðfest lög félaga](#).
- i) Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild.  
~~Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal stjórn héraðssambandsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.~~

### 3. grein

Öll félög í Reykjavík, sem hafa íþróttir og æskulýðsstarf á stefnuskrá sinni, eiga rétt á að gerast aðilar að ÍBR, enda fullnægi þau þeim skilyrðum, sem á hverjum tíma gilda um frjálsa íþróttastarfsemi.

### 4. grein

Óski félag að gerast aðili að ÍBR, skal það senda stjórn ÍBR umsókn sína ásamt lögum félagsins, skýrslu um stofndag þess og ár, stjórn þess og tölu félagsmanna. Samhliða umsókn um aðild skal greiða inntökugjald sem stjórn ÍBR ákveður hverju sinni. Uppfylli félagið inntökuskilyrði þessara laga, öðlast það réttindi hjá bandalaginu þegar stjórn ÍBR hefur samþykkt aðild þess. [ÍBR tilkynnir ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda.](#)

### Ný grein

[Hafi félagið á stefnuskrá sinni fleiri en eina íþróttagrein er félaginu heimilt að stofna deild um hverja þeirra, samanber lög viðkomandi félags. Stofnun deildar skal tilkynna til framkvæmdastjórnar ÍBR og viðkomandi sérsambands. Aðalstjórn félags fer með æðsta vald í félaginu milli aðalfunda og ber ábyrgð á starfi og fjárhag félagsins í heild.](#)

### Ný grein

[Þeir sem taka þátt í starfi íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík skulu kappkosta að varðveita gott orðspor íþróttá, ímynd þeirra og trúverðugleika. Í því skyni skulu þeir reiða sig á eigin samvisku í siðferðilegum efnum og jafnframt stunda fagleg og heiðarleg vinnubrögð, vekja traust og virðingu út á við og leitast við að styrkja samstarf og samstöðu.](#)

### 5. grein

Aðildarfélög skulu senda starfsskýrslur með féлага- og iðkendatölum og ársreikningum til ÍBR fyrir 15. apríl ár hvert. Fyrir 1. júní ár hvert skulu félögin skila ársskýrslu og árituðum endurskoðuðum ársreikningi til ~~héraðssambandsins~~ [bandalagsins](#). Berist þessar skýrslur ekki innan tilskilinna tímamarka er stjórn ÍBR heimilt að fresta samkvæmt eigin ákvörðun greiðslum á hlutdeild viðkomandi aðila í tekjum Íslenskrar getsþár þar til skýrslur hafa borist.

**Ný grein**

Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal [framkvæmdastjórn ÍBR stjórn héraðssambandsins](#), [ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans](#).

[Til að framfylgja eftirlitsskyldu sinni skal ÍBR hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjöllum sambandsaðila sinna og ef ástæða þykir til getur framkvæmdastjórn tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir aðildarfélag/sérráð og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi aðila. Aðildarfélag/sérráð getur krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggilts endurskoðanda.](#)

**6. grein**

Skattar aðildarfélaganna til ÍBR miðast við tölu gjaldskyldra félagsmanna, þ.e. ~~16~~ 18 ára og eldri. Þing ÍBR ákveður upphæð skattsins fyrir hvert ár. Skýrslu- og reikningsár ÍBR miðast við almanaksárið.

**7. grein**

Hvert það aðildarfélag, sem ekki hefur haldið aðalfund og sent skýrslur og ársreikninga í samræmi við 5. gr., missir atkvæðisrétt sinn á næsta þingi ÍBR og missir einnig rétt til að tilnefna fulltrúa á Íþróttþing.

Líði annað ár án þess að félag haldi aðalfund eða geri skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum, getur þing ÍBR tekið ákvörðun um, hvort félaginu skuli vikið úr [bandalaginu héraðssambandinu](#).

[Ákveði þing að víkja félagi úr bandalaginu skal tilkynna það til ÍSÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.](#)

Að öðru leyti vísast til 6. kafla í lögum ÍSÍ.

**8. grein**

Þing ÍBR skal háð annað hvert ár á tímabilinu 1. febrúar til 1. júlí. Til þingsins skal boða með tveggja mánaða fyrirvara, þá sem rétt eiga á þingsetu, sbr. 10. gr. Þá skal og senda bandalagsaðilum upplýsingar um fjölda fulltrúa þeirra á þinginu auk kjörbréfs.

Þau mál, sem aðilar ÍBR óska að verði á dagskrá, skulu berast stjórn íþróttabandalagsins í síðasta lagi fjórum vikum fyrir þingsetningu.

Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi [bandalagsaðila sambandsaðila](#)-og skal kjörbréfum skilað inn til framkvæmdastjórnar eigi síðar en 2 vikum fyrir þing.

Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingbyrjun skal aðilum send dagskrá þingsins og ársskýrsla og tillögur sem borist hafa ásamt þeim tillögum sem framkvæmdarstjórn hyggst leggja fyrir þingið.

Eigi síðar en viku fyrir þing skulu aðilum sendir endurskoðaðir ársreikningar.

Þing ÍBR er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

Á þingi skal kjósa 3 manna kjörnefnd og einn til vara, ~~sem og~~ starfar [hún](#) til loka næsta þings.

Tilkynningar um framboð til formanns og stjórnar Íþróttabandalags Reykjavíkur skulu berast kjörnefnd eigi síðar en þremur vikum fyrir þing. Er þá framboðsfrestur útrunninn. Hafi ekki nægilegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma, er kjörnefnd heimilt að framlengja

framboðsfrestinn enda sé það tryggilega tilkynnt [bandalagsaðilum sambandsaðilum](#). Hafi, þrátt fyrir það, eigi borist næg framboð skal kjörnefnd hlutast til um að afla nauðsynlegs fjölda framboða.

Kjörnefnd er eftirlitsaðili með kosningum.



**9. grein**

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á [bandalagsþing](#) ~~sambandsþing~~. Skal tala fulltrúa miðast við tölu félagsmanna síðastliðins starfsárs, þannig að félag með:

1	-	200	félagsmenn	hljóti	1	fulltrúa
201	-	400	“	“	2	fulltrúa
401	-	600	“	“	3	fulltrúa
601	-	800	“	“	4	fulltrúa
801	-	1000	“	“	5	fulltrúa
1001	-	1200	“	“	6	fulltrúa
1201	-	1400	“	“	7	fulltrúa
1401	-	1600	“	“	8	fulltrúa
1601	-	og yfir	“	“	9	fulltrúa

~~Stjórn félagsins skal útfylla kjörbréf fyrir fulltrúa sína og sjá um, að það sé komið á þingið í þingbyrjun.~~

**10. grein**

Á þingi ÍBR eiga sæti með málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétti fulltrúar þeir, sem aðildarfélög ÍBR hafa kjörið til þings skv. 9 gr. sbr. þó 7. gr., svo og einn fulltrúi frá hverju sérráði á [bandalagssvæðinu](#) ~~sambandssvæðinu~~ sbr. þó 17.gr. Engum fulltrúa er heimilt að fara með fleiri en eitt atkvæði. Að auki hafa eftirtaldir aðilar rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétt: Framkvæmdastjórn ÍBR, framkvæmdastjórn ÍSÍ, [fulltrúi ráðuneytis íþróttamála](#) ~~íþróttfulltrúi ríkisins~~ og ~~íþrótt~~fulltrúi Reykjavíkurborgar.

**11. grein**

Dagskrá þingsins skal vera þessi:

1. Þingsetning
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta og fyrsta og annars þingritara.
3. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
4. Lagt fram og rætt: Skýrsla stjórnar og ársreikningar og atkvæði greidd um þá.
5. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun yfirstandandi árs og næsta árs og skattgreiðslur félaganna.
6. Fyrri umræða um lagabreytingar, sem liggja fyrir. Laganefnd kjörin til að athuga breytingar fyrir síðari fund þingsins.
7. Umræða um stefnumótun og starfsáætlun ÍBR.
8. Ræddar tillögur og mál, sem liggja fyrir.
9. Kosnar ~~þrjár~~ [tvær](#) 5 manna fastar þingnefndir: fjárhagsnefnd og allsherjarnefnd.

## ÞINGHLÉ

10. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla.
11.
  - a) Kosinn formaður ÍBR.
  - b) Kosnir þrjú stjórnarmenn úr fráfarandi stjórn.
  - c) Kosnir þrjú stjórnarmenn ~~til tveggja ára.~~

- d) Kosnir tveir varamenn ~~til tveggja ára~~.
- e) Kosnir tveir ~~skoðunarmenn reikninga endurskoðendur~~ og tveir til vara.
- f) Kosin þriggja manna kjörnefnd og einn til vara sbr. 8. grein.
- g) Kosnar fastanefndir, er þingið ákveður.

- 12. Lýst tilnefningu aðildarfélaga á fulltrúum til íþróttapings og kosnir viðbótarfulltrúar samkvæmt 13. gr.
- 13. Önnur mál.
- 14. Þingslit.  
Þingið skal standa a.m.k. tvo daga. Þingið skal móta stefnu ÍBR, a.m.k. til næstu tveggja ára með því að ákveða þá málaflokka, sem leggja ber áherslu á í starfi framkvæmdastjórnar. Öllum stærri málum, sem þingið fær til meðferðar, skal vísað til nefnda og starfa þær á milli funda. Allar kosningar skulu vera bundnar og skriflegar, séu fleiri tilnefndir en kjósa skal. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Í sambandi við þingið má flytja erindi og hafa íþróttasýningar, eftir því sem tími er til.

### 12. grein

Í málum, sem tilkynnt hafa verið í þingboði, hvort sem er á reglulegu þingi eða aukapingi, ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Til að taka meg til meðferðar á þinginu mál, sem ekki var getið í fundarboði, þarf það samþykki 2/3 greiddra atkvæða, og 4/5 greiddra atkvæða til að samþykkja þau. Til lagabreytinga þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

### 13. grein

Fulltrúa ÍBR á Íþróttaping skal kjósa á ~~bandalagsþingi sambandsþingi~~.

Á héraðssambandið rétt á fulltrúafjölda, sem miðast við hlutfall fjölda félagsmanna ÍBR af heildarfjölda félagsmanna ÍSÍ síðasta starfsár fyrir Íþróttaping.

- 1) Séu félagsmenn ÍBR færri en 10.000, skal fyrst kjósa einn fulltrúa frá framkvæmdastjórn, tvo, ef félagsmenn eru frá 10.000 til 19.999, þrjá, ef félagsmenn eru frá 20.000 til 29.999 og fjóra, ef félagsmenn eru 30.000 eða fleiri. Á sama hátt skulu jafnmargir varamenn kosnir.
- 2) Hverfafélögin skulu síðan tilnefna einn aðalfulltrúa hvert.
- 3) Íþróttafélögin skulu síðan tilnefna aðalfulltrúa í hlutfalli við fjölda þingfulltrúa sinna á þingi ÍBR uns tilskyldum fulltrúafjölda er náð, og skal miðað við reglur um hlutfallskosningar.
- 3) Varafulltrúar á Íþróttaping, jafnmargir aðalfulltrúum, skulu valdir þannig:
  - a) Fyrst komi einn varafulltrúi frá hverju aðildarfélagi ÍBR sem hefur tilnefnt aðalfulltrúa án þess að fá fulltrúa kjörinn í röð sem ræðst af fjölda þingfulltrúa á þingi ÍBR.
  - b) Þá varafulltrúa sem þá á eftir að kjósa, skal velja eftir sömu reglu og aðalfulltrúar eru valdir.

Berist ekki tilnefningar til [bandalagsþings sambandsþings](#) frá einhverjum aðildarfélögum, skal þingið kjósa fulltrúa til þess að fylla tölu fulltrúa [bandalagsins sambandsins](#) á íþróttþing.

Þau félög sem ekki senda fulltrúa á ~~árs~~þing ÍBR, fyrirgera rétti sínu til að senda fulltrúa á Íþróttþing.

#### 14. grein

Samþykki stjórnir 2/3 hluta aðildarfélaganna tilmæli um að aukaping verði haldið skal verða við því. Einnig hefur stjórn ÍBR heimild til að boða til aukapings. Um seturétt á aukapingi fer skv. 9. grein.

Tilhögun aukapings skal vera þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosin þriggja manna kjörbréfanefnd.
3. Kosnir þingforsetar og þingritarar.
4. Tekin til meðferðar þau mál, er gefið hafa tilefni til aukapingsins og tilkynnt voru með þingboðinu.
5. Önnur mál, sem upp kunna að vera borin, ef þingið leyfir að taka þau fyrir, sbr. 12. gr. Þingslit.
6. Þingslit.

#### 15. grein

Á milli þinga stjórnar [bandalaginu héraðssambandinu](#) 7 manna framkvæmdastjórn, sem kosin er til tveggja ára í senn. Skal kjósa fyrst formann, en hina 6 í tvennu lagi, þannig að fæst þrír úr fráfaramandi stjórn verði endurkosnir. Í framkvæmdastjórn má ekki kjósa þrjá eða fleiri menn frá sama aðildarfélagi. Formenn einstakra félaga, sérráða eða sambanda má ekki kjósa í framkvæmdastjórn.

Framkvæmdastjórn skiptir sjálf með sér verkum. Formannafundur skal haldinn það árið, sem þing er ekki haldið og gerir þá framkvæmdastjórn grein fyrir störfum sínum frá síðasta þingi og leggur fram ársreikninga ~~sambandsins~~ [bandalagsins](#) fyrir næsta reikningsár á undan.

#### 16. grein

Stjórn ÍBR skal sjá um allar framkvæmdir ~~sambandsins~~ [bandalagsins](#) og vinna að málum þess. Stjórninni er heimilt að skipa nefndir innan eða utan sinna vébanda til að sjá um að framkvæma viss mál [bandalagsins sambandsins](#). Formaður skal kalla saman fundi framkvæmdastjórnar eftir því sem þurfa þykir.

#### 17. grein

~~Í íþróttagreinum, þar sem sérráð eru ekki starfandi, fer stjórn ÍBR með hin sérfræðilegu málefni innan héraðs og getur skipað til þess sérstaka nefnd, ef hún telur það hagkvæmara. Sérráð fer með stjórn í sérmálum þeirrar íþróttagreinar, sem það varðar. Stofna má sérráð sem fjallar um sérfræðileg málefni íþróttagreinar innan ÍBR. Um starfsemi sérráðs skal gera starfsreglur sem samþykktar eru af framkvæmdastjórn ÍBR og kynntar viðkomandi sérsambandi. Endanleg niðurröðun móta á [bandalagssvæðinu sambandsvæðinu](#) og val keppenda á utanhéraðsmót er háð samþykki framkvæmdastjórnar ÍBR, ef um er að ræða lið, sem keppir í nafni bandalagsins ~~sambandsins~~ eða Reykjavíkur. Um fjárhagslega aðstoð bæjar- eða ríkis, svo og byggingu, viðhald og rekstur íþróttamannvirkja, er sérráð háð yfirstjórn ÍBR. Sérráð lúta fjárhagslegri yfirstjórn ÍBR. Þau sérráð sem hafa sjálfstæðan fjárhag, með samþykki framkvæmdastjórnar ÍBR, skulu skila~~

[ársreikningi til hennar](#). Fyrir 15. apríl ár hvert skal sérráð senda til ÍBR [starfsskýrslu, ársreikninga og mótaskýrslur skýrslu um starfsemi síðasta árs og ársreikningi ef við á](#). Hafi skýrslur þessar ekki borist fyrir 1. ~~maí~~ [júni](#) missir ráðið rétt sinn til að tilnefna fulltrúa á ~~ársþing~~ ÍBR.

#### 18. grein

Stjórn ÍBR skal veita viðtöku [og geyma í skjalasafni sínu öllum](#) skýrslum um íþróttamót, sem haldin eru í héraðinu, [myndum og öðrum sögulegum heimildum um íþróttastarf í Reykjavík](#). ~~og geyma þær í skjalasafni sínu. Sé mótið haldið í sérgrein þar sem sérráð er ekki starfandi, skal félag það, sem fyrir mótinu stendur, senda skýrslu um það beint til stjórnar ÍBR, en annars skulu sérráð senda stjórn ÍBR heildarskýrslur um íþróttamót í sinni sérgrein, sbr. 17. gr. Sömu skyldur hvíla á stjórn ÍBR, ef hún gengst fyrir mótum. Skýrslur um mót skal senda í síðasta lagi mánuði eftir að móti er lokið. Allar þessar skýrslur má senda í tölvutæku formi til ÍBR.~~

#### 19. grein

Ef ágreiningur rís innan stjórnar ÍBR eða meðal [bandalagsaðila sambandsaðila](#) um réttindi félaga eða um skilning á þessum lögum skal leggja málið fyrir dómstól ÍSÍ til úrskurðar.

#### 20. grein

Lög þessi öðlast gildi, þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau.

Samþykkt á þingi ÍBR ~~28. febrúar 2009~~.

**Sigríður:** Frímenn Ari Ferdinandsson hefur lokið máli sínu. Bauð þingfulltrúum að taka til máls um lagabreytingar. Enginn kvað sér hljóðs og var tillögunni vísað til laganefndar. Kosid í laganefnd. Tillaga að laganefnd, formaður Haukur Haraldsson, Tryggvi Gunnarsson, Þór Björnsson, Málfríður Sigurhansdóttir og Þormóður Þormóðsson.

**Ingvar Sverrisson,** formaður ÍBR, lagði fram tillögu fjögur um fulltrúafjölda á þingi ÍBR. Tillagan hljómaði á þessa leið: „Þingið samþykkir að framkvæmdastjórn ÍBR skipi vinnuhóp sem gerir tillögu um fækkun fulltrúa á þingi ÍBR. Vinnuhópurinn skiii endanlegum tillögum fyrir næst þing ÍBR. Ingvar sagði ástæðuna að þessari tillögu vera vegna stöðugrar stækkunar hreyfingarinnar.“ Sigríður vísaði tillögunni til laganefndar.

#### Þingskjal 4

Laganefnd

#### Tillaga um fulltrúafjölda á þingi ÍBR

Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR

45. þing ÍBR, haldið 28.-29. apríl 2011, samþykkir að framkvæmdastjórn ÍBR skipi vinnuhóp sem geri tillögu að fækkun fulltrúa á þingi ÍBR. Vinnuhópurinn kynni hugmyndir á formannafundi og skili endanlegum tillögum fyrir næsta þing ÍBR.

Greinargerð:

Fulltrúar á þingi ÍBR 2011 eru 234 frá tæplega 70 félögum og 8 sérráðum. Með áframhaldandi fjölgun félaga og félagsmanna innan aðildarfélaga ÍBR má gera ráð fyrir að fulltrúafjöldi aukist enn frekar á næstu árum. Til samanburðar eru fulltrúar á Íþróttþingi 188. Mæting á þing hefur reyndar verið dræm en á síðasta þingi mættu 117 fulltrúar af um 230.

Ákveðið að halda áfram með tillögur í rétttri röð.

**Örn Andrésson**, framkvæmdastjórn ÍBR, lagði fram tillögu um þingsköp á þingi ÍBR. Vísað til laganeftndar.

## Þingskjal 5

Laganeftnd

### Þingsköp ÍBR

**Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR**

**45. þing ÍBR, haldið 28.-29. apríl 2011, samþykkir eftirfarandi þingsköp fyrir þing ÍBR:**

### Þ I N G S K Ö P

#### Íþróttabandalags Reykjavíkur

#### Verksvið þingforseta

##### 1. grein

Þegar eftir kjör embættismanna bandalagsþings og áður en gengið er til dagskrár, skal þingforseti kanna hvort löglega hafi verið boðað til þings og úrskurða um lögmæti þess. Sé þing lögmætt, skal gengið til dagskrár og þingstörf hafin.

Sé boðun þings áfátt samkvæmt úrskurði þingforseta, skal hann rökstyðja þann úrskurð og síðan slíta þingi án frekari umræðna.

##### 2. grein

Þingforseti stjórnar og sér um að allt fari fram með góðri reglu. Vilji forseti taka þátt í umræðum frekar en staða hans gefur tilefni til, skal varaforseti stjórna fundi á meðan. Þingforseti sér um, að fundargerð sé skipulega færð í gerðarbók og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær fengu.

Þingforseti og þingritari undirrita fundargerðina eftir að hafa gengið úr skugga um, að allt sé þar fært rétt til bókar. Fundargerðin þannig undirrituð skal síðan send aðildarfélögunum og sérráðunum.

##### 3. grein

Í forföllum þingforseta gengur varaforseti að öllu í hans stað.

**Þingritari****4. grein**

Þingritari ritar gerðabók undir umsjón þingforseta og getur í henni allra mála, sem rædd eru á þinginu og hver meðferð þeirra og niðurstaða varð.

**Nefndir****5. grein**

Í tengslum við bandalagsþing starfa fjórar þingnefndir: þriggja manna kjörnefnd, fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd og kjörbréfanefnd skipaðar fimm mönnum. Ennfremur fimm manna laganefnd, sem kosin er sérstaklega sbr. dagsskrá bandalagsþings í þeim tilfellum, er fyrir liggja breytingatillögur við lög bandalagsins. Þingið getur kosið aðrar nefndir í hvaða máli sem er eða í sérstöku máli. Kosning skal bundin við tilnefningar og tala nefndarmanna skal að jafnaði standa á stöku. Nefndir skulu vinna að nefndarstörfum svo fljótt og samviskusamlega sem frekast er unnt.

Sá sem kjörinn er með flestum atkvæðum í nefnd eða fyrst er tilnefndur, kallar nefndina saman til fyrsta fundar og lætur kjósa formann, ritara og framsögumann. Í umræðum kemur framsögumaður fram fyrir hönd nefndarinnar, þótt það bindi ekki hendur annarra nefndarmanna til að taka þátt í umræðum. Nefndin tekur fyrir og fjallar um þau mál, sem þingið hefur til hennar vísað. Hún getur lagt til, að mál verði lagt fyrir seinni þingfund óbreytt, að orðalagi sé breytt eða nýr texti saminn, að máli verði frestað til næsta þings, verði vísað til framkvæmda-  
stjórnar eða málið verði fellt. Þá getur nefndin tekið upp ný mál og lagt fyrir seinni þingfund, svo fremi að samskonar mál hafi ekki á fyrra þingfundi verið vísað til annarrar nefndar þingsins. Þegar nefnd er ekki einhuga um afgreiðslu máls, getur myndast meirihluti og minnihluti og skulu þá valdir framsögumenn hvors nefndarhluta fyrir sig.

Kjörbréfanefnd fær öll framkomin kjörbréf til skoðunar og afgreiðslu. Telji nefndin vankanta á kjörbréfi, ber henni að leggja afgreiðslu þess sérstaklega fyrir þingið til úrskurðar, en að öðru leyti önnur kjörbréf í einu lagi fyrir þingið í samandreginni skýrslu um fjölda kjörbréfa, heildarfjölda atkvæða á þeim og fjölda viðstaddra þingfulltrúa. Þessa skýrslu getur nefndin byggt á skráningu starfsmanna á þingstað við upphaf þings. Berist kjörbréf eftir afgreiðslu þings á framkomnum kjörbréfum, skal það sent kjörbréfanefnd, sem afgreiðir það sem hin fyrri til þings til úrskurðar.

Kjörnefnd undirbýr kosningar samkvæmt 8. og 11. gr. laga bandalagsins og leggur tillögur sínar fyrir þingið. Nefndin kannar áhuga fráfaramandi stjórnarmanna á þátttöku í næstu framkvæmdastjórn en framboð annarra til stjórnarstarfa tilkynnist kjörnefnd. Það sama á við um endurskoðendur. Komi ekki fleiri tilnefningar en kjósa skal, telst sá/sú eða þeir/þær/þau réttkjörin(n). Séu tilnefningar fleiri en kjósa skal, ber að viðhafa skriflega kosningu. Kjörseðill, sem ber fleiri eða færri nöfn en kjósa skal, úrskurðast ógildur.

## Umræður

### 6. grein

Þingfulltrúi, sem óskar að taka til máls, skal að fengnu leyfi þingforseta, standa upp úr sæti sínu og mæla þaðan, nema sérstakur ræðustóll sé til þess ætlaður. Þingfulltrúar skulu flytja mál sitt málefnalega, halda sig við það málefni, sem til umræðu er og án gífurðna.

### 7. grein

Formaður ÍBR, þingforseti, framsögumenn meiri- og minnihluta nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi nema einn, þótt fleiri flytji, mega taka svo oft til máls sem þurfa þykir og kostur er á. Séu tveir eða fleiri samflutningsmenn máls, skulu þeir ákveða, hvor eða hver teljist framsögumaður. Aðrir mega ekki taka til máls oftar en tvisvar sinnum í sama máli á sama fundi. Jafnan er þó heimilt að gera stutta athugasemd við atkvæðagreiðslu, um fundarsköp eða til að bera af sér sakir.

## Um reglu á þingfundum

### 8. grein

Þingforseti gefur þingfulltrúum venjulega leyfi til að taka til máls í þeirri röð, er þeir óska þess. Hann getur þó vikið frá þessari reglu varðandi framsögumann og til þess að fulltrúi geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd, er snerta hann sjálfan. Skyld er þingfulltrúum að lúta valdi þingforseta í öllu, er að því lýtur að gæta góðrar reglu á þinginu. Þingforseti sér um að allt fari löglega fram. Hann úrskurðar um skilning þingskapa. Að ósk 5 eða fleiri þingfulltrúa, skal hann skjóta slíkum úrskurði til þingsins. Ekki má lesa upp prentað mál, nema með leyfi forseta. Þingforseta er heimilt að gera fundarhlé hvenær sem hann álitur það nauðsynlegt eða fresta fundi um allt að sólarhring.

### 9. grein

Dragist umræður úr hófi, getur forseti lagt til, að þeim verði hætt, og sker fundurinn úr því með atkvæðagreiðslu án frekari umræðu. Sömu leiðis geta 5 eða fleiri fulltrúar krafist slíkrar atkvæðagreiðslu. Komi fram dagsskrártillaga, þ.e.a.s. tillaga um, að umræðum skuli hætt og tekið fyrir næsta mál á dagskrá án atkvæðagreiðslu um hið fyrra mál, skal slík tillaga þegar í stað borin undir atkvæði án umræðu.

Sérhver þingfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er og þingið hefur úrskurðarvald um. Tillögur skulu vera skriflegar. Þær má afturkalla hvenær sem er, hafi ekki verið greidd um þær atkvæði.

### 10. grein

Komi fram breytingartillaga, ein eða fleiri, við aðaltillögu, skal fyrst bera upp þá þeirra, sem lengst gengur, en loks aðaltillögu með áorðnum breytingum, hafi þær verið samþykktar.

Viðaukatillögu skal bera upp á eftir aðaltillögu.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála, nema annað sé áskilið í lögum bandalagsins eða heimilað í þingsköpum þessum.

**Atkvæðagreiðslur****11. grein**

Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu, nema þar sem annað er ákveðið í lögum bandalagsins. Atkvæði skal greiða skriflega, sé þess krafist af a.m.k. 20 fulltrúum. Forseti tilnefnir tvo menn eða fleiri til að telja atkvæðin.

Forseti skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslu eftir að mótatkvæða hefur verið leitað. Hafi úrslit atkvæðagreiðslu ekki verið skýr, lætur þingforseti aftur ganga til atkvæða.

Sé atkvæðagreiðsla skrifleg, má aðeins greiða beint svar við því, sem atkvæða er leitað um, ella er atkvæðið ógilt.

**12. grein**

Eigi má taka neitt mál til meðferðar, nema einhver fulltrúi taki það til flutnings eða þeir, sem hafa málfrelsi og tillögurétt á þinginu

þyki fulltrúum ekki ástæða til að gera ályktun um mál, geta þeir vísað því til framkvæmdastjórnar bandalagsins.

**13. grein**

Eftir uppástungu þingforseta eða 5 þingfulltrúa má breyta út af þingsköpum þessum, ef  $\frac{3}{4}$  þeirra fulltrúa, sem á fundi eru, samþykkja. Þingforseti skal gæta þess, að slík afbrigði, ef leyfð eru, gangi aldrei í bága við lög ÍBR.

**7. Umræða um stefnumótun og starfsáætlun ÍBR.**

**Gígja Gunnarsdóttir**, framkvæmdastjórn ÍBR, lagði fram stefnu og starfsáætlun stjórnar fyrir starfsárin 2011-2012 á þingskjali 6. Vísað til alsherjarnefndar.

**Þingskjal 6**

Allsherjarnefnd

**Stefna og starfsáætlun stjórnar ÍBR  
fyrir starfsárin 2011 og 2012.**

**Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR**

45. þing ÍBR, haldið 28.-29. apríl 2011, samþykkir eftirfarandi stefnu og starfsáætlun framkvæmdastjórnar ÍBR fyrir starfsárin 2011 og 2012:

Á starfstímabilinu verður leitast við að gera á ný samstarfssamninga við Reykjavíkurborg. Mikilvægt er að festa í sessi starf félaganna með því að tryggja fjármagn og aðstöðu til reksturs þeirra með slíkum samningum.



Áfram verða gerðar kannanir á íþróttastarfi og þannig aflað upplýsinga sem nýtast til að leggja frekari línur í starfinu, hvar þurfi helst að styðja við og hvernig staða félaganna í Reykjavík er miðað við annarsstaðar. M.a. verður haldið áfram að gera samanburð milli sveitarfélaga varðandi styrki til íþróttastarfs sem og að kanna ánægju og líðan krakka sem taka þátt í íþróttastarfi.

Til að auka þátttöku nýbúa í íþróttastarfi er stefnt að því að koma á samstarfi við félög og milli félaga um sérstök átaksverkefni. Einnig verði horft til samstarfs með íþróttafélögum og öðrum aðilum, s.s. félagsmiðstöðvum til að auka enn frekar framboð á möguleikum til þátttöku í íþróttum fyrir unglunga. Sérstaklega verði horft til þeirra unglunga sem vilja vera þátttakendur í íþróttafélögunum en vilja ekki æfa oft í viku.

Á starfstímabilinu er stefnt að því að bjóða þeim sem starfa í íþróttahreyfingunni í Reykjavík að taka þátt í ýmsum námskeiðum og fyrirlestrum sem höfða til mismunandi hópa s.s. starfsmanna, stjórnarmanna, þjálfara, foreldra o.fl.

Stefnt er að opnun afreksíþróttamiðstöðvar í húsi ÍBR haustið 2011 þar sem boðið verður upp á markvissa og faglega þjónustu fyrir íþróttafélög, lið og hópa. Áfram verður þrýst á framhaldsskóla um að auðvelda afreksfólki að stunda þjálfun og keppni samhliða námi. Leitast verður við að aðstoða eftir megni íþróttafólk í fremstu röð til undirbúnings þátttöku í Ólympíuleikum eða stærstu mótum í viðkomandi íþróttagreinum.

Vaxandi áhugi er meðal íþróttafélaga á því að bjóða almenningi upp á möguleika til iðkunar íþróttanna í sínum mannvirkjum og/eða í tengslum við hefðbundnara starf félaganna. ÍBR mun leitast við að styðja við frumkvæði á þessu sviði í samstarfi við félögin. ÍBR mun áfram sinna almenningsíþróttum borgaranna með útleigu íþróttatíma í skólahúsum og með þátttöku í ýmsum verkefnum sem ætlað er að efla þátttöku almennings í íþróttum.

ÍBR mun sjá um framkvæmd Reykjavíkumaraþons, Laugavegshlaups, Miðnæturlaups og koma að framkvæmd Reykjavík International Games með íþróttafélögunum.

ÍBR mun vinna að stefnumótun og framtíðarsýn fyrir íþróttastarf í Reykjavík til ársins 2020 í samstarfi við aðildarfélögin og Reykjavíkurborg.

Stefnt er að því að efla jákvæða ímynd ÍBR sem hagsmunasamtaka íþróttafélaganna í Reykjavík og fagaðila í íþróttamálum almennt. Mikilvægt er að koma á framfæri við borgaryfirvöld að ÍBR sé aðili sem hægt er að treysta til að vera ráðgefandi aðili um íþróttamál í borginni á faglegan og skynsamlegan hátt. Jafnframt er mikilvægt að á hverjum tíma sé haldið virku sambandi milli félaganna og stjórnar og starfsfólks ÍBR þannig að starf bandalagsins endurspegli á hverjum tíma helstu þarfir félaganna og óskir um aðkomu ÍBR að tilteknum málum.

**8. Ræddar tillögur og mál sem liggja fyrir.**

**Ingvar Sverrisson**, formaður ÍBR, lagði fram tillögu um ráðstöfun sjóða ÍBR og starfsreglur á þingskjal 7. Vísað til fjárhagsnefndar.

**Þingskjal 7**  
Fjárhagsnefnd

**Ráðstöfun sjóða ÍBR****Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR**

**45. þing ÍBR, haldið 28.-29. apríl 2011, samþykkir að sjóðum í vörslu bandalagsins skuli varið til að styrkja stoðir íþróttastarfs í Reykjavík. Lagt er til að Slysatryggingasjóður og Húsnæðis- og framkvæmdasjóður verði sameinaðir í einn sjóð sem hljóti nafnið Framkvæmdasjóður ÍBR. Hluti af tekjum sjóðsins verði notaður til að stækka höfuðstólinn en hluti verði notaður til að styðja við íþróttir í Reykjavík. Umsýsla sjóðsins skal lúta starfsreglum sem um hann gilda.**

**Framkvæmdasjóður ÍBR**  
**Starfsreglur**

**1.gr. Tilgangur**

Tilgangur Framkvæmdasjóðs ÍBR er að ávaxta með skynsamlegum en gjöfulem hætti fjármuni sem þing ÍBR hefur samþykkt að setja í sjóðinn og nýta hluta af árlegum tekjum hans til að styðja við starf íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík.

**2.gr. Eignir**

Sjóðurinn samanstendur af þeim peningalegu eignum sem ÍBR á og þing ÍBR hefur samþykkt að skuli tilheyra honum. Tekjur sínar fær sjóðurinn af rekstri húseignar í eigu sjóðsins við Engjaveg 6, af rekstri annarra fasteigna er sjóðurinn kann að eignast og af ávöxtun fjármuna sjóðsins. Tekjur skulu að hluta notaðar til að stækka höfuðstól sjóðsins og að hluta til að styðja við ýmis verkefni. Fé sjóðsins skal ávaxta í bönkum eða sparisjóðum, svo og með kaupum á verðbréfum, tryggðum með ríkisábyrgð.

**3.gr. Stjórnun**

Reglugerð sjóðsins getur þing bandalagsins breytt og þarf til þess 2/3 hluta atkvæða. Framkvæmdasjóður skal vera undir stjórn og umsjá framkvæmdastjórnar ÍBR.

**4. gr. Markmið**

Markmið sjóðsins er að styrkja íþróttafélögin í Reykjavík vegna eftirfarandi:

- Ungt og efnilegt reykvískt íþróttafólk (einstaklinga og lið) á aldrinum 15-22 ára sem hefur hæfileika og getu til að verða í fremstu röð í sinni íþróttagrein.
- Afreksfólk, einstaklinga og lið, sem hefur getu til að ná afburða árangri í alþjóðlegri keppni.
- Þjálfara, dómara og starfsmenn félaga til þátttöku í námskeiðum erlendis.
- Námskeiðahald og fræðslu.
- Verkefnasjóð ÍBR.

Heimilt er framkvæmdastjórn ÍBR að mynda sérstaka sjóði til úthlutunar vegna ofangreindra verkefna og leita samstarfs við fyrirtæki um verkefni.

Markmið sjóðsins er einnig að vera varasjóður ef til meirháttar áfalla kemur í rekstri íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík í heild eða ef þörf er á stærra viðhaldi á húsi ÍBR. Einnig getur sjóðurinn keypt fasteignir til rekstrar ef það er til hagsbóta fyrir íþróttahreyfinguna í Reykjavík.

### 5.gr. Skilyrði

Til viðmunar skal höfuðstóll sjóðsins aldrei verða lægri en sem nemur kostnaði við rekstur skrifstofu ÍBR í 18 mánuði.

Ákvarðanir um úthlutun vegna stærri verkefna en sem nemur helmingi innistæðu sjóðsins skal bera undir þing/aukaþing.

### 6. gr. Ársreikningur

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal sjóðstjórn leggja fram endurskoðaða ársreikninga hans á ársþingi ÍBR. Endurskoðendur hans eru endurskoðendur ÍBR.

Hér á eftir fer tillaga að fjárhagsáætlun fyrir nýjan sjóð:

### Framkvæmdasjóður ÍBR

### Fjarhagsáætlun

	Áætlun 2009	Reikn. 2009	Áætlun 2010	Reikn. 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012
<b>Tekjur: (í þús.kr.)</b>						
Húsaleigutekjur	5.600	5.497	5.800	6.169	10.000	13.000
Byggingastyrkur					4.000	4.000
Vextir og verðbætur	4.500	12.028	4.700	3.319	1.500	1.800
Rekstrartap						
<b>Tekjur alls:</b>	<b>10.100</b>	<b>17.525</b>	<b>10.500</b>	<b>9.488</b>	<b>15.500</b>	<b>18.800</b>
<b>Gjöld: (í þús.kr.)</b>						
Viðhald fasteignar	4.000	5.412	4.000	4.245	2.000	2.000
Fasteignagjöld	500	1.458	500	852	900	1.000
Rekstur sameignar	1.000	2.038	1.000	1.351	1.200	1.500
Rafmagn og hiti	500	463	520	390	400	500
Tryggingar	700	692	700	1.002	800	900
Skrifstofukostnaður	900	900	900	900	900	900
Framlag til verkefna					1.000	2.000
Framlag til Afreksíþr.miðst.					600	2.000

Styrktarsj. ÍBR/SPRON	2.000	200	2.000			
Fjármagnstekjusk.	450	710	470	597	320	360
Rekstrarhagnaður	50	5.651	410	151	7.380	7.640
<b>Gjöld alls:</b>	<b>10.100</b>	<b>17.524</b>	<b>10.500</b>	<b>9.488</b>	<b>15.500</b>	<b>18.800</b>

**Greinargerð:**

Undanfarin ár hafa komið fram tillögur á þingum og farið fram umræða um hvert hlutverk sjóða ÍBR eigi að vera. Stjórn ÍBR myndaði vinnuhóp með fulltrúum frá félögum og stjórn ÍBR á síðasta ári til að fara yfir þetta mál. Hópurinn skilaði niðurstöðu í byrjun þessa árs, samhljóða þeirri sem hér er lögð fram. Stjórn ÍBR telur að hyggilegasta leiðin til að fjármunir í sjóðum ÍBR komi starfi félaganna að bestum notum til framtíðar sé að ávaxta þá í sameiginlegum sjóði sem hafi bolmagn til að greiða umtalsverða fjármuni til þeirra á hverju ári í næstu framtíð.

**Guðrún Ósk Jakobsdóttir**, framkvæmdastjórn ÍBR, lagði fram tillögu um brottvikningu félaga úr ÍBR á þingskjali 8. Vísað til laganeftdar.

**Þingskjal 8**

Laganeftnd

**Tillaga um brottvikningu félaga úr ÍBR  
Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.**

45. þing ÍBR, haldið 28.-29. apríl 2011, samþykkir að víkja Skotíþróttafélaginu Baldri og Fallhlífaklúbbi Reykjavíkur úr bandalaginu.

**Greinargerð:**

Samkvæmt lögum ÍBR, 6. grein, getur þing ÍBR tekið ákvörðun um að víkja félögum úr bandalaginu geri þau ekki skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum eða hafi ekki haldið aðalfund. Þessi félög hafa ekki staðið skil á þessum gögnum og ekki haldið aðalfund í nokkurn tíma.

**Ingvar Sverrisson**, formaður ÍBR, lagði fram tillögu um styrki til afreksíþróttafólks á þingskjali 9. Ingvar sagði að þessi hugmynd hafi vaknað í tengslum við afhendingu viðurkenningarinnar Íþróttamaður Reykjavíkur. Hann fór yfir samanburðinn milli íþróttastarfs og listastarfs þ.e.a.s. þau atriði sem snerta fjármálin. Á Íslandi eru 440 einstaklingar á listamannalaunum, ekki allir á fullum listamannalaunum en það er aðeins einn Íslendingur á A styrk hjá ÍSí en hann fær aðeins 60% því sem nemur af fullum listamannalaunum. Þetta er ágætis viðmiðun fyrir okkar íþróttafólk að hafa. Við eigum fullt af hæfileikaríku íþróttafólki sem eiga mikla möguleika á því að komast inn á Ólympíuleikana á næsta ári en þar sem það er mjög kostnaðarsamt að taka þátt þá vildum við leggja þessa tillögu formlega fram fyrir þingið og vonandi verður hún samþykkt af ykkur því þá munum við gera hana opinbera og skora á

ríkisvaldið að styðja hvern þann íþróttamann og/eða konu sem líkleg eru til þess að komast á Ólympíuleikana í London 2012 um það sem nemur fullum listamannalaunum. Ingvar vildi ekki lesa upp samanburðartölurnar en sagði þær algerlega út í hött. Tillögunni var vísað til allsherjarnefndar.

## Þingskjal 9

Allsherjarnefnd

### Styrkir til afreksíþróttafólks Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.

**45. þing ÍBR, haldið 28.-29. apríl 2011, skorar á ríkisvaldið að styðja hverja þá íþróttakonu eða -karl sem líkleg eru til að komast á Ólympíuleika í London 2012 sem nemur fullum listamannalaunum.**

Greinargerð:

Á næsta ári eru Ólympíuleikar í London. Það er fátt sem sameinar íslenska þjóð eins og góður árangur á Ólympíuleikum. Skemmst er að minnast silfursins sem við unnum á síðustu leikum.

Afreksjóður ÍSÍ styrkir íslenskt afreksíþróttafólk en ríkið setur 25 milljónir árlega í þann sjóð. Í dag er einn Íslendingur á svokölluðum A-styrk Afrekssjóðs sem er 160.000 krónur á mánuði til að undirbúa sig og greiða æfinga og keppnisferðir. 6 einstaklingar eru á B- styrk með 80.000 krónur á mánuði og 7 á C-styrk með 40.000 krónur á mánuði. Til samanburðar við listir má geta þess að á fjárlögum er gert ráð fyrir 400 milljónum króna í listamannalaun sem um 440 manns þiggja.

Hér er því lagt til að ríkisvaldið borgi íþróttafólkinu full listamannalaun í eitt og hálf ár fram að leikum, hvort sem lágmörk nást eða ekki. Það væru góð skilaboð til okkar afreksfólks sem leggur á sig ómælda vinnu við að ná árangri í sínum greinum og standa sig sem fyrirmyndir fyrir börn og unginga í okkar samfélagi.

**Þórdís Gísladóttir**, framkvæmdastjórn ÍBR, lagði fram tillögu um hagrænt gildi íþróttar á þingskjali 10. Hún sagði formann hafa komið inná þetta í upphafi þings. Hún sagði þetta sett fram til að hnykkja á því að íþróttir eru menning og því að íþróttastarf er mikilvægt. Tillögunni var vísað til allsherjarnefndar.

## Þingskjal 10

Allsherjarnefnd

### Hagrænt gildi íþróttar Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.

**45. þing ÍBR, haldið 28.-29. apríl 2011, skorar á ráðherra íþróttamála að láta gera könnun á hagrænum áhrifum íþróttar.**

Greinargerð:

Á árinu 2010 var kynnt könnun á hagrænum áhrifum skapandi greina. Íþróttir voru ekki teknar með í þessari könnun en full þörf er á því að skoða hvaða hagræn áhrif íþróttir hafa á samfélagið. Atriði sem meðal annars væri vert að skoða er virðisaukaskattur af íþróttavörum, framlag sjálfboðaliða, launuð

störf, viðburðir og mótahald, erlendir ferðamenn í tengslum við viðburði, áhrif íþróttanna sem forvörn gagnvart fíkniefnum, áhrif íþróttanna sem forvörn gagnvart heilbrigði þjóðarinnar, áhrif fjársafnana, ferðalög iðkenda vegna keppni innanlands og erlendis.

**Viggó H. Viggósson**, framkvæmdastjórn ÍBR, lagði fram tillögu um framlög til íþróttanna á þingskjali 11. Að borgin endurvekji og heiðri þá samninga sem hafa verið gerðir við íþróttafélögin í Reykjavík. Viggó vildi vekja athygli á því að stuðningur og styrkir til afreksfólks hefðu minnkað verulega á síðustu árum og að fyrir árið 2011 væri ekki gert ráð fyrir neinum fjármunum í þann sjóð. Tillögunni var vísað til allsherjarnefndar.

Sigríður sagði lokið því að leggja fram tillögur frá framkvæmdastjórn. Hún sagði tvær tillögur hafa borist frá sambandsaðilum ÍBR og komið væri að því kynna þær.

**Þingskjal 11**  
Allsherjarnefnd

**Framlög til íþróttanna**  
**Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.**

**45. þing ÍBR, haldið 28.-29. apríl 2011, leggur til að borgaryfirvöld tryggi rekstrargrundvöll íþróttafélaga með meiri fjárframlögum til að gera þeim kleift að þjóna þeim mikla fjölda iðkenda sem stunda íþróttir á þeirra vegum. Mikilvægt er að endurnýja samstarfssamninga við félögin og ÍBR þar sem meðal annars er horft til reksturs félagsstarfsins, viðhalds og reksturs mannvirkja sem og endurupptöku styrkja til reksturs íþróttaskóla íþróttafélaganna í yngstu bekkjum grunnskóla. Þá er og vert að vekja athygli á því að stuðningur við afreksíþróttir í gegnum Afreks- og styrktarsjóð Reykjavíkur hefur minnkað verulega á undanförunum árum og árið 2011 er ekki gert ráð fyrir neinum fjármunum í þann sjóð.**

Greinargerð:

Í ársbyrjun 2008 voru undirritaðir samstarfssamningar milli félaganna, ÍBR og borgarinnar. Fjármunir til íþróttastarfsins sem áttu að vera tryggðir með þessum samningum hafa verið skornir verulega niður síðustu 2 ár auk þess sem verðbætur voru aftengdar í byrjun árs 2009 og hefur verið svo síðan.

Gerður var eins árs samningur við Íþróttabandalag Reykjavíkur um greiðslur til félaganna og ÍBR á árinu 2011. Í fjárhagsáætlun 2011 er gert ráð fyrir 6% niðurskurði milli árunna 2010 og 2011 á þeim þáttum sem lúta að rekstri félaganna sjálfra. Að auki er hætt stuðningi við íþróttaskóla 6 og 7 ára barna sem félögin hafa staðið fyrir á starfstíma frístundaheimila.

Skerðing styrkja til þessa starfs á undanförunum tveimur árum hefur einnig verið umtalsverður eða 4,4% árið 2009 og 16,7% árið 2010. Samkvæmt samstarfssamningum átti einnig að fjölga styrkhæfum vikum um 6 til að skapa betri grundvöll til að reka mannvirkin í sem næst heilt ár. Það var ekki gert sem þýðir

um 13% skerðingu hvort ár. Niðurskurður gagnvart íþróttahreyfingunni undanfarin 2 ár er því gríðarlegt högg fyrir íþróttastarfið í Reykjavík.

Íþróttafélögin í Reykjavík horfast í augu við mikillar skerðingu á fé til rekstrar mannvirkja, orkuverð hækkar og ekki er gert ráð fyrir fé til viðhalds frekar en undanfarin ár sem þó er orðið aðkallandi.

**Raj Bonifacius**, tennisþjálfari og fulltrúi Hafna- og mjúkboltafélags Reykjavíkur, lagði fram tillögu á þingskjali númer 12 um heilsársaðstöðu fyrir tennis. Hann vill láta stofna vinnuhóp sem kannaði möguleika á að skoða betur möguleika á innanhúsaðstöðu fyrir tennis. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

**Þingskjal 12**  
Allsherjarnefnd

**Heilsársaðstaða fyrir tennis**  
**Flutningsaðili: Raj Bonifacius**

**45. þing ÍBR, haldið 28.-29. apríl 2011, hvetur Reykjavíkurborg til að tryggja tennisiðkendum í Reykjavík heilsárs tennisaðstöðu.**

Greinargerð:

Sjötíu og fimm prósent, frá september til júní, af æfingatíma reykvískra tennisdeildar (Fjölpir, Víking og Þróttar) hafa farið fram í Tennishöllinni í Kópavogi s.l. 17 ár. Vallaleigukostnaður hefur hækkað gríðarlega á þessum tíma. Með minni vallastyrk frá borginni, hafa æfngatímarnir fyrir reykvíska tenniskrakka minnkað um helming frá því sem þau voru fyrir 10 árum. Vinsældir tennisíþróttarinnar hafa vaxið með hverju ári og mikilvægt að skapa innanhúss æfngaaðstöðu fyrir krakka og almenning til að geta stundað tennis í Reykjavík því framboð af tennisvöllum er ekki í samræmi við eftirspurn. Nú þegar eru fjórir tennisvellir á svæði Víkings með möguleika á að bæta við 2 til viðbótar. Þar er kjöraðstaða til að reisa uppblásið tjald yfir. Nýlega hefur Hveragerði keypt 5.000 m<sup>2</sup> uppblásið tjald og eru svona yfirbyggingar mjög víða yfir tennisvöllum á Norðurlöndum, Evrópu og Bandaríkjunum.

Er möguleiki að stofna vinnuhóp til að athuga málið betur?

**Snorri Þorvaldsson**, Glímufélaginu Ármanni, lagði fram tillögu um umsókn um aðild að UMFÍ á þingskjali 13. Hann sagði þá Sigfús ekki telja að þetta væri fullreynt. Breyta nafninu í Héraðssambandið Ingólfur. Vísað til allsherjarnefndar.

Sigríður sagði ekki fleiri tillögur hafa borist.

**9. Kosnar tvær 5 manna fastar þingnefndir: Fjárhagsnefnd og allsherjarnefnd.**

Tillaga um fjárhagsnefnd. Formaður Helga Hilmaradóttir, Guðjón Guðmundsson, Gústaf Adolf Hjaltason, Hjörtur Þorgilsson og Hrafnkell Sigtryggsson. Samþykkt með lófaklappi.

Tillaga um allsherjarnefnd. Formaður Auður Ólafsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson, Haukur Magnússon, Örn Hafsteinsson og Þorbjörg Kristinsdóttir. Samþykkt með lófaklappi.

Sigríður taldi upp nefndirnar, hvar þær starfa og það fólk sem starfar í þeim. Að lokum sagði hún dagskrána tæmda í kvöld og þingfundi frestað þangað til kl.17 á morgun.

**Kl. 19:30** Þinghlé.

**Kl. 20:00** Nefndarstörf í Íþróttamiðstöðinni.



## 45.þing Íþróttabandalags Reykjavíkur Þinggerð

Föstudagur 29. apríl.

kl. 17:00

Sigríður Jónsdóttir, þingforseti, bauð þingfulltrúa velkomna til annars þingdags og setti annan þingdag.

Sigríður kallaði upp, Stefán Aðalsteinsson, formann kjörbréfanefndar og bað hann að gera grein fyrir nýjum fulltrúum inná þingið. Tveir fulltrúar bættust við hjá Fylki og einn frá Íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík. Ný kjörbréf voru borin undir atkvæði og voru þau samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 1. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla.

Sigríður kallaði upp formann laganeftar, Hauk Þór Haraldsson, og bað hann að gera grein fyrir álitum nefndarinnar.

Hann gerði fyrst grein fyrir umræðum í nefndinni um þingskjal nr.3.

### Tillaga um breytingu á lögum ÍBR

#### Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR

45. þing ÍBR, haldið 28.-29. apríl 2011, samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum ÍBR:

## Lög Íþróttabandalags Reykjavíkur

### 1. grein

Íþróttabandalag Reykjavíkur, skammstafað ÍBR, er héraðssamband íþrótt- og ungmennafélaga í Reykjavík. Það starfar samkvæmt lögum ÍSÍ, 6. kafla og íþróttalögum nr. 64 frá 12. júní 1998, 6.gr.

### 2. grein

Hlutverk ÍBR er:

- a) Að gæta hagsmuna íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík og vera málsvari hennar gagnvart opinberum aðilum.
- b) Að stuðla að samstarfi íþróttafélaganna og veita þeim ráðgjöf.
- c) Að hafa frumkvæði um eflingu íþrótt- og félagsmálstarfs í Reykjavík.
- d) Að safna upplýsingum um starf og aðstæður íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík og kynna fyrir almenningi, opinberum aðilum og fleirum.
- e) Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum Reykjavíkur og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð, sem stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála sbr.17.gr.
- f) Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraðinu.

- g) Að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þeirra hefur verið veitt.
- h) Að staðfesta lög/lagabreytingar aðildarfélaga til að þau öðlist gildi og halda utan um staðfest lög félaga.
- i) Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild.

### 3. grein

Öll félög í Reykjavík, sem hafa íþróttir og æskulýðsstarf á stefnuskrá sinni, eiga rétt á að gerast aðilar að ÍBR, enda fullnægi þau þeim skilyrðum, sem á hverjum tíma gilda um frjálsa íþróttastarfsemi.

### 4. grein

Óski félag að gerast aðili að ÍBR, skal það senda stjórn ÍBR umsókn sína ásamt lögum félagsins, skýrslu um stofndag þess og ár, stjórn þess og tölu félagsmanna. Samhliða umsókn um aðild skal greiða inntökugjald sem stjórn ÍBR ákveður hverju sinni. Uppfylli félagið inntökuskilyrði þessara laga, öðlast það réttindi hjá bandalaginu þegar stjórn ÍBR hefur samþykkt aðild þess. ÍBR tilkynnir ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda.

### 5. grein

Hafi félagið á stefnuskrá sinni fleiri en eina íþróttagrein er félaginu heimilt að stofna deild um hverja þeirra, samanber lög viðkomandi félags. Stofnun deildar skal tilkynna til framkvæmdastjórnar ÍBR og viðkomandi sérsambands. Aðalstjórn félags fer með æðsta vald í félaginu milli aðalfunda og ber ábyrgð á starfi og fjárhag félagsins í heild.

### 6. grein

Þeir sem taka þátt í starfi íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík skulu kappkosta að varðveita gott orðspor íþróttar, ímynd þeirra og trúverðugleika. Í því skyni skulu þeir reiða sig á eigin samvisku í siðferðilegum efnum og jafnframt stunda fagleg og heiðarleg vinnubrögð, vekja traust og virðingu út á við og leitast við að styrkja samstarf og samstöðu.

### 7. grein

Aðildarfélög skulu senda starfsskýrslur með félaga- og iðkendatölum og tölum úr ársreikningum til ÍBR fyrir 15. apríl ár hvert. Fyrir 1. júní ár hvert skulu félögin skila ársskýrslu og árituðum endurskoðuðum ársreikningi til bandalagsins. Berist þessar skýrslur ekki innan tilskilinna tímamarka er stjórn ÍBR heimilt að fresta samkvæmt eigin ákvörðun greiðslum á hlutdeild viðkomandi aðila í tekjum Íslenskrar getspar þar til skýrslur hafa borist.

### 8. grein

Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal framkvæmdastjórn ÍBR, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

Til að framfylgja eftirlitsskyldu sinni skal ÍBR hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjöllum sambandsaðila sinna og ef ástæða þykir til getur framkvæmdastjórn tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir aðildarfélag/sérráð og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi aðila. Aðildarfélag/sérráð getur krafist þess að ÍBR feli löggildum endurskoðenda að kanna bókhaldsgögnin.

**9. grein**

Skattar aðildarfélaganna til ÍBR miðast við tölu gjaldskyldra félagsmanna, þ.e. 18 ára og eldri. Þing ÍBR ákveður upphæð skattsins fyrir hvert ár. Skýrslu- og reikningsár ÍBR miðast við almanaksárið.

**10. grein**

Hvert það aðildarfélag, sem ekki hefur haldið aðalfund og sent skýrslur og ársreikninga í samræmi við 7. gr., missir atkvæðisrétt sinn á næsta þingi ÍBR og missir einnig rétt til að tilnefna fulltrúa á Ípróttþing.

Líði annað ár án þess að félag haldi aðalfund eða geri skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum, getur þing ÍBR tekið ákvörðun um, hvort félaginu skuli vikið úr bandalaginu. Ákveði þing að víkja félagi úr bandalaginu skal tilkynna það til ÍSÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.

Að öðru leyti vísast til 6. kafla í lögum ÍSÍ.

**11. grein**

Þing ÍBR skal háð annað hvert ár á tímabilinu 1. febrúar til 1. júlí í samræmi við þingsköp ÍBR. Til þingsins skal boða með tveggja mánaða fyrirvara þá, sem rétt eiga á þingsetu, sbr. 10. gr. Þá skal og senda bandalagsaðilum upplýsingar um fjölda fulltrúa þeirra á þinginu auk kjörbréfs.

Þau mál, sem aðilar ÍBR óska að verði á dagskrá, skulu berast stjórn Ípróttabandalagsins í síðasta lagi fjórum vikum fyrir þingsetningu.

Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi bandalagsaðila -og skal kjörbréfum skilað inn til framkvæmdastjórnar eigi síðar en 2 vikum fyrir þing.

Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingbyrjun skal aðilum send dagskrá þingsins og ársskýrsla og tillögur sem borist hafa ásamt þeim tillögum sem framkvæmdarstjórn hyggst leggja fyrir þingið.

Eigi síðar en viku fyrir þing skulu aðilum sendir endurskoðaðir ársreikningar.

Þing ÍBR er lögmaett, ef löglega hefur verið til þess boðað.

Á þingi skal kjósa 3 manna kjörnefnd og einn til vara og starfar hún til loka næsta þings.

Tilkynningar um framboð til formanns og stjórnar Ípróttabandalags Reykjavíkur skulu berast kjörnefnd eigi síðar en þremur vikum fyrir þing. Er þá framboðsfrestur útrunninn. Hafi ekki nægilegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn enda sé það tryggilega tilkynnt bandalagsaðilum.

Hafi, þrátt fyrir það, eigi borist næg framboð skal kjörnefnd hlutast til um að afla nauðsynlegs fjölda framboða.

Kjörnefnd er eftirlitsaðili með kosningum.

**12. grein**

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á bandalagsþing. Skal tala fulltrúa miðast við tölu félagsmanna síðastliðins starfsárs, þannig að félag með:

1	-	200	félagsmenn hljóti	1	fulltrúa
201	-	400	“	“	2 fulltrúa
401	-	600	“	“	3 fulltrúa
601	-	800	“	“	4 fulltrúa
801	-	1000	“	“	5 fulltrúa
1001	-	1200	“	“	6 fulltrúa
1201	-	1400	“	“	7 fulltrúa
1401	-	1600	“	“	8 fulltrúa
1601	-	og yfir	“	“	9 fulltrúa

**13. grein**

Á þingi ÍBR eiga sæti með málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétti fulltrúar þeir, sem aðildarfélög ÍBR hafa kjörið til þings skv. 12. gr. sbr. þó 10. gr., svo og einn fulltrúi frá hverju sérráði á bandalagssvæðinu sbr. þó 20. gr. Engum fulltrúa er heimilt að fara með fleiri en eitt atkvæði. Að auki hafa eftirtaldir aðilar rétt til þingssetu með málfrelsi og tillögurétt: Framkvæmdastjórn ÍBR, framkvæmdastjórn ÍSÍ, fulltrúi ráðuneytis íþróttamála og fulltrúi Reykjavíkurborgar.

**14. grein**

Dagskrá þingsins skal vera þessi:

1. Þingssetning
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta og fyrsta og annars þingritara.
3. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
4. Lagt fram og rætt: Skýrsla stjórnar og ársreikningar og atkvæði greidd um þá.
5. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun yfirstandandi árs og næsta árs og skattgreiðslur félaganna.
6. Fyrri umræða um lagabreytingar, sem liggja fyrir. Laganefnd kjörin til að athuga breytingar fyrir síðari fund þingsins.
7. Umræða um stefnumótun og starfsáætlun ÍBR.
8. Ræddar tillögur og mál, sem liggja fyrir.
9. Kosnar tvær 5 manna þingnefndir: fjárhagsnefnd og allsherjarnefnd.

## ÞINGHLÉ

10. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla.
11.
  - a) Kosinn formaður ÍBR.
  - b) Kosnir þrjú stjórnarmenn úr fráfarandi stjórn.
  - c) Kosnir þrjú stjórnarmenn.
  - d) Kosnir tveir varamenn.
  - e) Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
  - f) Kosin þriggja manna kjörnefnd og einn til vara sbr. 8. grein.
  - g) Kosnar fastanefndir, er þingið ákveður.
12. Lýst fjölda fulltrúa aðildarféлага til íþróttþings og kosnir viðbótarfulltrúar samkvæmt 13. gr.
13. Önnur mál.
14. Þingslit.

Þingið skal standa a.m.k. tvo daga. Þingið skal móta stefnu ÍBR, a.m.k. til næstu tveggja ára með því að ákveða þá málaflokka, sem leggja ber áherslu á í starfi framkvæmdastjórnar. Öllum stærri málum, sem þingið fær til meðferðar, skal vísað til nefnda og starfa þær á milli funda. Allar kosningar skulu vera bundnar og skriflegar, séu fleiri tilnefndir en kjósa skal. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Í sambandi við þingið má flytja erindi og hafa íþróttasýningar, eftir því sem tími er til.

**15. grein**

Í málum, sem tilkynnt hafa verið í þingboði, hvort sem er á reglulegu þingi eða aukabingi, ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Til að taka megi til meðferðar á þinginu mál, sem ekki var

getið í fundarboði, þarf það samþykki 2/3 greiddra atkvæða, og 4/5 greiddra atkvæða til að samþykkja þau. Til lagabreytinga þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

### 16. grein

Fulltrúa ÍBR á Íþróttabing skal kjósa á bandalagsþingi.

Á héraðssambandið rétt á fulltrúafjölda, sem miðast við hlutfall fjölda félagsmanna ÍBR af heildarfjölda félagsmanna ÍSÍ síðasta starfsár fyrir Íþróttabing.

- 1) Séu félagsmenn ÍBR færri en 10.000, skal fyrst kjósa einn fulltrúa frá framkvæmdastjórn, tvo, ef félagsmenn eru frá 10.000 til 19.999, þrjá, ef félagsmenn eru frá 20.000 til 29.999 og fjóra, ef félagsmenn eru 30.000 eða fleiri. Á sama hátt skulu jafnmargir varamenn kosnir.
- 2) Hverfafélögin skulu síðan tilnefna einn aðalfulltrúa hvert.
- 3) Íþróttafélögin skulu síðan tilnefna aðalfulltrúa í hlutfalli við fjölda þingfulltrúa sinna á þingi ÍBR uns tilskyldum fulltrúafjölda er náð, og skal miðað við reglur um hlutfallskosningar.
- 4) Varafulltrúar á Íþróttabing, jafnmargir aðalfulltrúum, skulu valdir þannig:
  - a) Fyrst komi einn varafulltrúi frá hverju aðildarfélagi ÍBR sem hefur tilnefnt aðalfulltrúa án þess að fá fulltrúa kjörinn í röð sem ræðst af fjölda þingfulltrúa á þingi ÍBR.
  - b) Þá varafulltrúa sem þá á eftir að kjósa, skal velja eftir sömu reglu og aðalfulltrúar eru valdir.

Berist ekki tilnefningar til bandalagsþings frá einhverjum aðildarfélögum, skal þingið kjósa fulltrúa til þess að fylla tölu fulltrúa bandalagsins á Íþróttabing.

Þau félög sem ekki senda fulltrúa á þing ÍBR, fyrirgera rétti sínu til að senda fulltrúa á Íþróttabing.

### 17. grein

Samþykki stjórnir 2/3 hluta aðildarfélaganna tilmæli um að aukabing verði haldið skal verða við því. Einnig hefur stjórn ÍBR heimild til að boða til aukabings. Um seturétt á aukabingi fer skv. 11. grein.

Tilhögun aukabings skal vera þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosin þriggja manna kjörbréfanefnd.
3. Kosnir þingforsetar og þingritarar.
4. Tekin til meðferðar þau mál, er gefið hafa tilefni til aukabingsins og tilkynnt voru með þingboðinu.
5. Önnur mál, sem upp kunna að vera borin, ef þingið leyfir að taka þau fyrir, sbr. 12. gr.
6. Þingslit.

### 18. grein

Á milli þinga stjórnar bandalaginu 7 manna framkvæmdastjórn, sem kosin er til tveggja ára í senn. Skal kjósa fyrst formann, en hina 6 í tvennu lagi, þannig að fæst þrír úr fráfaramandi stjórn

verði endurkosnir. Í framkvæmdastjórn má ekki kjósa þrjá eða fleiri menn frá sama aðildarfélagi. Formenn einstakra félaga, sérráða eða sambanda má ekki kjósa í framkvæmdastjórn. Framkvæmdastjórn skiptir sjálf með sér verkum. Formannafundur skal haldinn það árið, sem þing er ekki haldið og gerir þá framkvæmdastjórn grein fyrir störfum sínum frá síðasta þingi og leggur fram ársreikninga -bandalagsins fyrir næsta reikningsár á undan.

#### 19. grein

Stjórn ÍBR skal sjá um allar framkvæmdir bandalagsins og vinna að málum þess. Stjórninni er heimilt að skipa nefndir innan eða utan sinna vébanda til að sjá um að framkvæma viss mál bandalagsins. Formaður skal kalla saman fundi framkvæmdastjórnar eftir því sem þurfa þykir.

#### 20. grein

Stofna má sérráð sem fjallar um sérfræðileg málefni íþróttagreinar innan ÍBR. Um starfsemi sérráðs skal gera starfsreglur sem samþykktar eru af framkvæmdastjórn ÍBR og kynntar viðkomandi sérsambandi. Endanleg niðurröðun móta á bandalagssvæðinu og val keppenda á utanhéraðsmót er háð samþykki framkvæmdastjórnar ÍBR, ef um er að ræða lið, sem keppir í nafni bandalagsins eða Reykjavíkur. Sérráð lúta fjárhagslegri yfirstjórn ÍBR. Þau sérráð sem hafa sjálfstæðan fjárhag, með samþykki framkvæmdastjórnar ÍBR, skulu skila ársreikningi til hennar. Fyrir 15. apríl ár hvert skal sérráð senda til ÍBR skýrslu um starfsemi síðasta árs og ársreikningi ef við á. Hafi skýrslur þessar ekki borist fyrir 1.júní missir ráðið rétt sinn til að tilnefna fulltrúa á þing ÍBR.

#### 21. grein

Stjórn ÍBR skal veita viðtöku og geyma í skjalasafni sínu skýrslur um íþróttamót, sem haldin eru í héraðinu, myndum og öðrum sögulegum heimildum um íþróttastarf í Reykjavík.

#### 22. grein

Ef ágreiningur rís innan stjórnar ÍBR eða meðal bandalagsaðila um réttindi félaga eða um skilning á þessum lögum skal leggja málið fyrir dómstól ÍSÍ til úrskurðar.

#### 23. grein

Lög þessi öðlast gildi, þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau.

Stefán Laxdal Aðalsteinsson, formaður kjörbréfanefndar, gerði grein fyrir tveimur nýjum kjörbréfum. Einn fulltrúi frá Golfklúbbi Reykjavíkur og einn frá Skautafélagi Reykjavíkur. Samþykkt samhljóða.

Sigríður bar þingskjal nr.3 undir atkvæði. Enginn kvað sér hljóðs. Samþykkt einhljóða.

Formaður laganefndar, Haukur Þór Haraldsson, kynnti þingskjal nr. 4. Sigríður bauð orðið laust um þingskjal nr.4. Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna. Tillagan var samþykkt samhljóða.

### Tillaga um fulltrúafjölda á þingi ÍBR

**45. þing ÍBR, haldið 28.-29. apríl 2011, samþykkir að framkvæmdastjórn ÍBR skipi vinnuhóp sem geri tillögu að breytingu á fjölda fulltrúa á þingi ÍBR. Vinnuhópurinn kynni hugmyndir á formannafundi og skili endanlegum tillögum fyrir næsta þing ÍBR.**

Greinargerð:

Fulltrúar á þingi ÍBR 2011 eru 234 frá tæplega 70 félögum og 8 sérráðum. Með áframhaldandi fjölgun félaga og félagsmanna innan aðildarféлага ÍBR má gera ráð fyrir að fulltrúafjöldi aukist enn frekar á næstu árum. Til samanburðar eru fulltrúar á Íþróttapingi 188. Mæting á þing hefur reyndar verið dræm en á síðasta þingi mættu 117 fulltrúar af um 230.

Formaður laganeftar, Haukur Þór Haraldsson, kynnti þingskjal nr.5. Hann lagði til að þingskjal nr.5 væri samþykkt óbreytt. Sigríður bauð orðið laust um þingskjal nr.5. Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna. Tillagan var samþykkt samhljóða.

## Þingskjal ÍBR

45. þing ÍBR, haldið 28.-29. apríl 2011, samþykkir eftirfarandi þingskjal fyrir þing ÍBR:

### Þ I N G S K Ö P

#### Íþróttabandalags Reykjavíkur

#### Verksvið þingforseta

##### 1. grein

Þegar eftir kjör embættismanna bandalagsþings og áður en gengið er til dagsskrár, skal þingforseti kanna hvort löglega hafi verið boðað til þings og úrskurða um lögmæti þess. Sé þing lögmætt, skal gengið til dagsskrár og þingstörf hafin. Sé boðun þings áfátt samkvæmt úrskurði þingforseta, skal hann rökstyðja þann úrskurð og síðan slíta þingi án frekari umræðna.

##### 2. grein

Þingforseti stjórnar og sér um að allt fari fram með góðri reglu. Vilji forseti taka þátt í umræðum frekar en staða hans gefur tilefni til, skal varaforseti stjórna fundi á meðan. Þingforseti sér um, að fundargerð sé skipulega færð í gerðarbók og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær fengu. Þingforseti og þingritari undirrita fundargerðina eftir að hafa gengið úr skugga um, að allt sé þar fært rétt til bókar. Fundargerðin þannig undirrituð skal síðan send aðildarfélögunum og sérráðunum.

##### 3. grein

Í forföllum þingforseta gengur varaforseti að öllu í hans stað.

#### Þingritari

**4. grein**

Þingritari ritar gerðabók undir umsjón þingforseta og getur í henni allra mála, sem rædd eru á þinginu og hver meðferð þeirra og niðurstaða varð.

**Nefndir****5. grein**

Í tengslum við bandalagsþing starfa fjórar þingnefndir: þriggja manna kjörnefnd, fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd og kjörbréfanefnd skipaðar fimm mönnum. Ennfremur fimm manna laganefnd, sem kosin er sérstaklega sbr. dagsskrá bandalagsþings í þeim tilfellum, er fyrir liggja breytingatillögur við lög bandalagsins. Þingið getur kosið aðrar nefndir í hvaða máli, sem er eða í sérstöku máli. Kosning skal bundin við tilnefningar og tala nefndarmanna skal að jafnaði standa á stöku. Nefndir skulu vinna að nefndarstörfum svo fljótt og samviskusamlega sem frekast er unnt.

Sá, sem kjörinn er með flestum atkvæðum í nefnd eða fyrst er tilnefndur, kallar nefndina saman til fyrsta fundar og lætur kjósa formann, ritara og framsögumann. Í umræðum kemur framsögumaður fram fyrir hönd nefndarinnar, þótt það bindi ekki hendur annarra nefndarmanna til að taka þátt í umræðum. Nefndin tekur fyrir og fjallar um þau mál, sem þingið hefur til hennar vísað. Hún getur lagt til, að mál verði lagt fyrir seinni þingfund óbreytt, að orðalagi sé breytt eða nýr texti saminn, að máli verði frestað til næsta þings, verði vísað til framkvæmdastjórnar eða málið verði fellt. Þá getur nefndin tekið upp ný mál og lagt fyrir seinni þingfund, svo fremi að samskonar mál hafi ekki á fyrra þingfundi verið vísað til annarrar nefndar þingsins. Þegar nefnd er ekki einhuga um afgreiðslu máls, getur myndast meirihluti og minnihluti og skulu þá valdir framsögumenn hvors nefndarhluta fyrir sig.

Kjörbréfanefnd fær öll framkomin kjörbréf til skoðunar og afgreiðslu. Telji nefndin vankanta á kjörbréfi, ber henni að leggja afgreiðslu þess sérstaklega fyrir þingið til úrskurðar, en að öðru leyti önnur kjörbréf í einu lagi fyrir þingið í samandreginni skýrslu um fjölda kjörbréfa, heildarfjölda atkvæða á þeim og fjölda viðstaddra þingfulltrúa. Þessa skýrslu getur nefndin byggt á skráningu starfsmanna á þingstað við upphaf þings. Berist kjörbréf eftir afgreiðslu þings á framkomnum kjörbréfum, skal það sent kjörbréfanefnd, sem afgreiðir það sem hin fyrri til þings til úrskurðar.

Kjörnefnd undirbýr kosningar samkvæmt 8. og 11. gr. laga bandalagsins og leggur tillögur sínar fyrir þingið. Nefndin kannar áhuga fráfarandi stjórnarmanna á þátttöku í næstu framkvæmdastjórn en framboð annarra til stjórnarstarfa tilkynnist kjörnefnd. Það sama á við um endurskoðendur. Komi ekki fleiri tilnefningar en kjósa skal, telst sá/sú eða þeir/þær/þau réttkjörin(n). Séu tilnefningar fleiri en kjósa skal, ber að viðhafa skriflega kosningu. Kjörseðill, sem ber fleiri eða færri nöfn en kjósa skal, úrskurðast ógildur.

**Umræður****6. grein**

Þingfulltrúi, sem óskar að taka til máls, skal að fengnu leyfi þingforseta, standa upp úr sæti sínu og mæla þaðan, nema sérstakur ræðustóll sé til þess ætlaður. Þingfulltrúar skulu flytja mál sitt málefnalega, halda sig við það málefni, sem til umræðu er og án gífuryrða.

**7. grein**



Formaður ÍBR, þingforseti, framsögumenn meiri- og minnihluta nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi nema einn, þótt fleiri flytji, mega taka svo oft til máls sem þurfa þykir og kostur er á. Séu tveir eða fleiri samflutningsmenn máls, skulu þeir ákveða, hvor eða hver teljist framsögumaður. Aðrir mega ekki taka til máls oftar en tvisvar sinnum í sama máli á sama fundi. Jafnan er þó heimilt að gera stutta athugasemd við atkvæðagreiðslu, um fundarsköp eða til að bera af sér sakir.

## Um reglu á þingfundum

### 8. grein

Þingforseti gefur þingfulltrúum venjulega leyfi til að taka til máls í þeirri röð, er þeir óska þess. Hann getur þó vikið frá þessari reglu varðandi framsögumann og til þess að fulltrúi geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd, er snerta hann sjálfan. Skyllt er þingfulltrúum að lúta valdi þingforseta í öllu, er að því lýtur að gæta góðrar reglu á þinginu. Þingforseti sér um að allt fari löglega fram. Hann úrskurðar um skilning þingskapa. Að ósk 5 eða fleiri þingfulltrúa, skal hann skjóta slíkum úrskurði til þingsins. Ekki má lesa upp prentað mál, nema með leyfi forseta.

Þingforseta er heimilt að gera fundarhlé hvenær sem hann álitur það nauðsynlegt eða fresta fundi um allt að sólarhring.

### 9. grein

Dragist umræður úr hófi, getur forseti lagt til, að þeim verði hætt, og sker fundurinn úr því með atkvæðagreiðslu án frekari umræðu. Sömuleiðis geta 5 eða fleiri fulltrúar krafist slíkrar atkvæðagreiðslu. Komi fram dagskrártillaga, þ.e.a.s. tillaga um, að umræðum skuli hætt og tekið fyrir næsta mál á dagskrá án atkvæðagreiðslu um hið fyrra mál, skal slík tillaga þegar í stað borin undir atkvæði án umræðu.

Sérhver þingfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er og þingið hefur úrskurðarvald um. Tillögur skulu vera skriflegar. Þær má afturkalla hvenær sem er, hafi ekki verið greidd um þær atkvæði.

### 10. grein

Komi fram breytingartillaga, ein eða fleiri, við aðaltillögu, skal fyrst bera upp þá þeirra, sem lengst gengur, en loks aðaltillögu með áorðnum breytingum, hafi þær verið samþykktar.

Viðaukatillögu skal bera upp á eftir aðaltillögu.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála, nema annað sé áskilið í lögum bandalagsins eða heimilað í þingsköpum þessum.

## Atkvæðagreiðslur

### 11. grein

Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu, nema þar sem annað er ákveðið í lögum bandalagsins. Atkvæði skal greiða skriflega, sé þess krafist af a.m.k. 20 fulltrúum. Forseti tilnefnir tvo menn eða fleiri til að telja atkvæðin.

Forseti skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslu eftir að mótatkvæða hefur verið leitað. Hafi úrslit atkvæðagreiðslu ekki verið skýr, lætur þingforseti aftur ganga til atkvæða. Sé atkvæðagreiðsla skrifleg, má aðeins greiða beint svar við því, sem atkvæða er leitað um, ella er atkvæðið ógilt.

### 12. grein

Eigi má taka neitt mál til meðferðar, nema einhver fulltrúi taki það til flutnings eða þeir, sem hafa málfrelsi og tillögurétt á þinginu þyki fulltrúum ekki ástæða til að gera ályktun um mál, geta þeir vísað því til framkvæmdastjórnar bandalagsins.

### 13. grein

Eftir uppástungu þingforseta eða 5 þingfulltrúa má breyta út af þingsköpum þessum, ef  $\frac{3}{4}$  þeirra fulltrúa, sem á fundi eru, samþykkja. Þingforseti skal gæta þess, að slík afbrigði, ef leyfð eru, gangi aldrei í bága við lög ÍBR.

Formaður laganefndar, Haukur Þór Haraldsson, kynnti þingskjal nr.8. Sigríður bauð orðið laust um þingskjal nr.8. Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna. Tillagan var samþykkt einróma.

### Tillaga um brottvikningu félaga úr ÍBR

45. þing ÍBR, haldið 28.-29. apríl 2011, samþykkir að víkja Skotíþróttafélaginu Baldri og Fallhlífaklúbbi Reykjavíkur úr bandalaginu.

Greinargerð:

Samkvæmt lögum ÍBR, 6. grein, getur þing ÍBR tekið ákvörðun um að víkja félögum úr bandalaginu geri þau ekki skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum eða hafi ekki haldið aðalfund. Þessi félög hafa ekki staðið skil á þessum gögnum og ekki haldið aðalfund í nokkurn tíma.

Helga Hilmarsdóttir, formaður fjárhagsnefndar, fjallaði um breytingar á þingskjali nr.1. Fjárhagsnefnd kom með tillögu um breytingu á fjárhagsáætlun. Í fyrsta lið, framlög borgarsjóðs að þar komi fram sundurliðun og nýjir liðir, þjónustusamningur félaga, Egilshöll, Laugardagshöll og önnur borgarmannvirki. Þessar tölur eru sýndar hærrí en ársreikningur segir til um vegna þess að Reykjavíkurborg greiddi styrki vegna íþróttafulltrúa, skrifstofuþjónustu, gervigrasvalla og fleira árið 2010 en engu að síður þykir rétt að þessar tölur séu taldar með til samanburðar fyrir árin 2011 og 2012.

Sigríður bauð orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna. Tillagan var samþykkt einróma.

## Fjárhagsáætlun

### Íþróttabandalag Reykjavíkur

					Fjárhagsáætlun	
	Áætlun 2009	Raun 2009	Áætlun 2010	Raun 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012
<b>Tekjur: (í þús.kr.)</b>						
Framlag Borgarsjóðs	1.050.000	1.043.903	1.100.000			
<b>Þjónustusamn. félaga*</b>				<b>664.600</b>	<b>624.700</b>	<b>624.700</b>
<b>Egilshöll.Lhöll ofl.*</b>				<b>529.300</b>	<b>788.200</b>	<b>788.200</b>
<b>Borgarmannvirki*</b>				<b>255.600</b>	<b>236.700</b>	<b>236.700</b>
Útbreiðslustyrkur ÍSí	4.200	5.930	4.200	6.595	6.200	6.200
Lottótekjur	35.000	47.119	35.000	51.967	49.000	49.000
Skattar félaganna	2.400	2.365	2.500	2.492	5.000	5.000
Útleiga skólasala	27.000	31.043	27.000	29.325	32.000	32.000
Íslenskar getraunir	6.000	9.359	6.000	8.855	8.400	8.400
Þjónustugjöld	3.000	3.000	3.000	3.700	3.700	3.700
Framlag v/íþróttaskóla	23.000	26.046	24.000	24.735		
Vaxtatekjur	3.500	9.619	3.500	2.693	2.000	2.000
Aðrar tekjur	2.500	2.853	2.500	2.002	2.500	2.500
Rekstrartap						
<b>Tekjur alls:</b>	<b>1.156.600</b>	<b>1.181.237</b>	<b>1.207.700</b>	<b>1.581.864</b>	<b>1.758.400</b>	<b>1.758.400</b>
<b>Gjöld: (í þús.kr.)</b>						
Styrkir og framlög	1.071.000	1.084.096	1.121.000	1.486.615	1.684.600	1.684.600
Laun og launat.gjöld	37.000	36.794	39.000	37.621	40.000	40.000
Skrifstofukostnaður	3.000	6.027	3.000	2.634	3.000	3.000
Fundur og ráðstefnur	1.200	1.671	900	1.251	1.200	1.200
Aksturskostnaður	2.500	2.387	2.500	1.681	2.500	2.500
Gjafir og risna	1.000		1.000		1.500	1.000
Útbreiðslustarf	2.000	2.073	2.000	1.871	2.000	2.000
Íþróttaskóli félaga	23.000	25.991	24.000	24.703		
Verkefnastyrkir	13.300	13.268	11.700	18.052	16.000	17.000
Vextir og fjmsk.	400	880	400	653	650	650
Afskriftir	2.200	2.099	2.200	1.919	2.200	2.200
Reksturshagnaður		5.951		4.864	4.750	4.250
<b>Gjöld alls:</b>	<b>1.156.600</b>	<b>1.181.237</b>	<b>1.207.700</b>	<b>1.581.864</b>	<b>1.758.400</b>	<b>1.758.400</b>

\* Þessar tölur eru sýndar hærri en ársreikningur segir til um, vegna þess að Reykjavíkurborg greiddi styrki vegna íþróttafulltrúa, skrifstofuþjónustu, gervigrasvalla ofl. árið 2010 en engu að síður þykir rétt að þær tölur séu taldar með til samanburðar fyrir árin 2011-12.

## Framkvæmdasjóður ÍBR

## Fjárhagsáætlun

	Áætlun 2009	Reikn. 2009	Áætlun 2010	Reikn. 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012
<b>Tekjur: (í þús.kr.)</b>						
Húsaleigutekjur	5.600	5.497	5.800	6.169	10.000	13.000
Byggingastyrkur					4.000	4.000
Vextir og verðbætur	4.500	12.028	4.700	3.319	1.500	1.800
Rekstrartap						
<b>Tekjur alls:</b>	<b>10.100</b>	<b>17.525</b>	<b>10.500</b>	<b>9.488</b>	<b>15.500</b>	<b>18.800</b>
<b>Gjöld: (í þús.kr.)</b>						
Viðhald fasteignar	4.000	5.412	4.000	4.245	2.000	2.000
Fasteignagjöld	500	1.458	500	852	900	1.000
Rekstur sameignar	1.000	2.038	1.000	1.351	1.200	1.500
Rafmagn og hiti	500	463	520	390	400	500
Tryggingar	700	692	700	1.002	800	900
Skrifstofukostnaður	900	900	900	900	900	900
Framlag til verkefna og afreka					4.680	5.940
Framlag til Afreksíþr.miðst. Styrktarsj. ÍBR/SPRON	2.000	200	2.000		600	2.000
Fjármagnstekjusk.	450	710	470	597	320	360
Rekstrarhagnaður	50	5.651	410	151	3.700	3.700
<b>Gjöld alls:</b>	<b>10.100</b>	<b>17.524</b>	<b>10.500</b>	<b>9.488</b>	<b>15.500</b>	<b>18.800</b>

**Helga Hilmarsdóttir**, formaður fjárhagsnefndar, fjallaði um breytingar á þingskjali nr.2. Fjárhagsnefnd lagði til að skerpt yrði aðeins á orðalaginu og að það kæmi viðbót sem hétu 18 ára og eldri (sjá samþykkt að neðan).

## Skattar aðildarfélaga til ÍBR

45. þing ÍBR, haldið 28.-29. apríl 2011, samþykkir að hækka skatt aðildarfélaga ÍBR til bandalagsins úr 50 krónum á hvern félag 18 ára og eldri í 100 krónum.

Greinargerð:

Gjaldið hefur ekki hækkað í langan tíma og því ekki fylgt verðlagi. Fjölgun félagsmanna getur vissulega verið jákvæð en undanfarin ár hefur hún verið það mikil hjá sumum félögum að spurningar vakna um réttmæti talna. Þessari fjölgun fylgir ekki endilega aukin innkoma félagsgjalda þar sem ekki virðist vera gengið eftir því að innheimta þau allsstaðar. Hækkun skatts getur því orðið til þess að félög annaðhvort taki til í sínum tölum eða nýti sér betur þennan vannýtta tekjumöguleika.

Rétt er að vekja athygli á því að í tillögum að lagabreytingum er gert ráð fyrir hækkun aldursmarka vegna skattgreiðslna úr 16 í 18 ára. Það þýðir að sá hópur sem greitt er fyrir minnkar um tvo árganga.

Sigríður bauð orðið laust. Einn kvaddi sér hljóðs um tillöguna. Haukur Þór, ÍR, sagðist ekki sáttur við andann í tillögunni þar sem skattar ÍR hækkuðu u.þ.b. 400 þúsund. Honum fannst greinagerðin einnig gefa í skyn að þeir væru að falska eða hagræða hlutunum. Fleiri kváðu sér ekki hljóðs. Borið undir atkvæði, samþykkt með meirihluta atkvæða.

**Helga Hilmarsdóttir**, formaður fjárhagsnefndar, fjallaði um breytingar á þingskjali nr.7. Fjárhagsnefnd lagði til breytingar á starfareglum ÍBR 4.grein. Álit nefndarinnar var á þá leið að skýra betur hvert markmiðið væri og setja í fyrsta lið sem myndi heita: „*Standa straum af rekstri og viðhaldi fasteigna ÍBR.*“ Þá væru markmið sjóðsins númer 2 að styrkja íþróttafélögin í Reykjavík. Fjárhagsnefndin lagði til aðra breytingu í fjárhagsáætlun fyrir nýjann sjóð í lið sem heitir; Framlög til verkefna, en nefndin lagði til að hann myndi heita: „*Framlög til verkefna og afreka*“ og að það framlag yrði hækkað verulega úr 1 milljón (áætlun 2011) í 4 milljónir 680 þúsund, og svo úr 2 milljónum (áætlun 2012) í 5 milljónir 940 þúsund en þá myndi rekstrarhagnaður lækka samsvarandi. Sigríður bauð orðið laust um þingskjal nr.7. Enginn kvaddi sér hljóðs. Samþykkt samhljóða.

### Ráðstöfun sjóða ÍBR

**45. þing ÍBR, haldið 28.-29. apríl 2011, samþykkir að sjóðum í vörslu bandalagsins skuli varið til að styrkja stoðir íþróttastarfs í Reykjavík. Lagt er til að Slysatryggingasjóður og Húsnæðis- og framkvæmdasjóður verði sameinaðir í einn sjóð sem hljóti nafnið Framkvæmdasjóður ÍBR. Hluti af tekjum sjóðsins verði notaður til að stækka höfuðstólinn en hluti verði notaður til að styðja við íþróttir í Reykjavík. Umsýsla sjóðsins skal lúta starfsreglum sem um hann gilda.**

### Framkvæmdasjóður ÍBR Starfsreglur

#### 1.gr. Tilgangur

Tilgangur Framkvæmdasjóðs ÍBR er að ávaxta með skynsamlegum en gjöfulem hætti fjármuni sem þing ÍBR hefur samþykkt að setja í sjóðinn og nýta hluta af árlegum tekjum hans til að styðja við starf íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík.

#### 2.gr. Eignir

Sjóðurinn samanstendur af þeim peningalegu eignum sem ÍBR á og þing ÍBR hefur samþykkt að skuli tilheyra honum. Tekjur sínar fær sjóðurinn af rekstri húseignar í eigu sjóðsins við Engjaveg 6, af rekstri annarra fasteigna er sjóðurinn kann að eignast og af ávöxtun fjármuna sjóðsins. Tekjur skulu að hluta notaðar til að stækka höfuðstól sjóðsins og að hluta til að styðja við ýmis verkefni. Fé sjóðsins skal ávaxta í bönkum eða sparisjóðum, svo og með kaupum á verðbréfum, tryggðum með ríkisábyrgð.

**3. gr. Stjórnun**

Reglugerð sjóðsins getur þing bandalagsins breytt og þarf til þess 2/3 hluta atkvæða. Framkvæmdasjóður skal vera undir stjórn og umsjá framkvæmdastjórnar ÍBR.

**4. gr. Markmið**

Markmið sjóðsins er að styrkja íþróttafélögin í Reykjavík vegna eftirfarandi:

- Ungt og efnilegt reykvískt íþróttafólk (einstaklinga og lið) á aldrinum 15-22 ára sem hefur hæfileika og getu til að verða í fremstu röð í sinni íþróttagrein.
- Afreksfólk, einstaklinga og lið, sem hefur getu til að ná afburða árangri í alþjóðlegri keppni.
- Þjálfara, dómara og starfsmenn félaga til þátttöku í námskeiðum erlendis.
- Námskeiðahald og fræðslu.
- Verkefnasjóð ÍBR.

Heimilt er framkvæmdastjórn ÍBR að mynda sérstaka sjóði til úthlutunar vegna ofangreindra verkefna og leita samstarfs við fyrirtæki um verkefni.

Markmið sjóðsins er einnig að vera varasjóður ef til meiriháttar áfalla kemur í rekstri íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík í heild eða ef þörf er á stærra viðhaldi á húsi ÍBR. Einnig getur sjóðurinn keypt fasteignir til rekstrar ef það er til hagsbóta fyrir íþróttahreyfinguna í Reykjavík.

**5. gr. Skilyrði**

Til viðmunar skal höfuðstóll sjóðsins aldrei verða lægri en sem nemur kostnaði við rekstur skrifstofu ÍBR í 18 mánuði.

Ákvarðanir um úthlutun vegna stærri verkefna en sem nemur helmingi innistæðu sjóðsins skal bera undir þing/aukaþing.

**6. gr. Ársreikningur**

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal sjóðstjórn leggja fram endurskoðaða ársreikninga hans á ársþingi ÍBR. Endurskoðendur hans eru endurskoðendur ÍBR.

**Greinargerð:**

Undanfarin ár hafa komið fram tillögur á þingum og farið fram umræða um hvert hlutverk sjóða ÍBR eigi að vera. Stjórn ÍBR myndaði vinnuhóp með fulltrúum frá félögum og stjórn ÍBR á síðasta ári til að fara yfir þetta mál. Hópurinn skilaði niðurstöðu í byrjun þessa árs, samhljóða þeirri sem hér er lögð fram. Stjórn ÍBR telur að hyggilegasta leiðin til að fjármunir í sjóðum ÍBR komi starfi félaganna að bestum notum til framtíðar sé að ávaxta þá í sameiginlegum sjóði sem hafi bolmagn til að greiða umtalsverða fjármuni til þeirra á hverju ári í næstu framtíð.

Sigríður kallaði upp formann Allsherjarnefndar, Auði Haraldsdóttir. Auður kynnti þingskjal nr.6. Hún nefndi þá sem voru kosnir í nefndina ásamt henni, Örn Hafsteinsson frá Fylki, Gunnar Þór Gunnarsson frá ÍR, Þorbjörg Kristjánsdóttir frá TBR, Haukur Magnússon SRR og Brynja Guðjónsdóttir, starfsmaður nefndarinnar. Hún sagði nefndarfundinn hafa verið vel sóttann.

Tilmæli til framkvæmdastjórnar að vera kröftugri í framsetningu og draga fram aðalatriðin betur í textanum með fyrirsögnunum og kveða sterkara að orði. Allsherjarnefnd óskaði einnig eftir að starfsáætlun stjórnar ÍBR yrði birt á heimasíðu ÍBR um leið og hún væri tilbúin. Jafnframt var óskað eftir

Því að starfsáætlunin sem birt væri yrði tímasett og með kostnaðaráætlun þannig að auðveldara væri fyrir aðildarfélögin að fylgja hlutunum eftir á næsta þingi.

Sigríður bauð orðið laust um þingskjal nr. 6. Einn kvaddi sér hljóðs. Ingvar Sverrisson, formaður ÍBR, sagðist geta tekið undir með Auði. Hann sagði að þeir ættu að kveða miklu fastar að orði og skýra þetta aðeins betur. Hann sagði einnig að þetta yrði skýrara og skarpara þegar stefnumótunarvinnu með borginni yrði lokið og þá yrði þetta lagt fram og skýrt miklu betur. Sigríður bauð orðið laust um þingskjal nr. 6. Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs. Tillagan var samþykkt samhljóða.

### **Stefna og starfsáætlun stjórnar ÍBR fyrir starfsárin 2011 og 2012.**

45. þing ÍBR, haldið 28.-29. apríl 2011, samþykkir eftirfarandi stefnu og starfsáætlun framkvæmdastjórnar ÍBR fyrir starfsárin 2011 og 2012:

Á starfstímabilinu verður unnið að því að endurnýja samstarfssamninga við Reykjavíkurborg. Mikilvægt er að festa í sessi starf félaganna með því að tryggja fjármagn og aðstöðu til reksturs þeirra með slíkum samningum.

Áfram verða gerðar kannanir á íþróttastarfi og þannig aflað upplýsinga sem nýtast til að leggja frekari línur í starfinu, hvar þurfi helst að styðja við og hvernig staða félaganna í Reykjavík er miðað við annarsstaðar. M.a. verður haldið áfram að gera samanburð milli sveitarfélaga varðandi styrki til íþróttastarfs sem og að kanna ánægju og líðan krakka sem taka þátt í íþróttastarfi.

Til að auka þátttöku nýbúa í íþróttastarfi verður komið á samstarfi við félög og milli félaga um sérstök átaksverkefni. Einnig verði horft til samstarfs með íþróttafélögum og öðrum aðilum, s.s. félagsmiðstöðvum til að auka enn frekar framboð á möguleikum til þátttöku í íþróttum fyrir unglinga. Sérstaklega verði horft til þeirra unglinga sem vilja vera þátttakendur í íþróttafélögunum en vilja ekki æfa oft í viku.

Á starfstímabilinu verður þeim sem starfa í íþróttahreyfingunni í Reykjavík boðið að taka þátt í ýmsum námskeiðum og fyrirlestrum sem höfða til mismunandi hópa s.s. starfsmanna, stjórnarmanna, þjálfara, foreldra o.fl.

Afreksíþróttamiðstöð verður opnuð í húsi ÍBR haustið 2011 þar sem boðið verður upp á markvissa og faglega þjónustu fyrir íþróttafélög, lið og hópa. Áfram verður þrýst á framhaldsskóla um að auðvelda afreksfólki að stunda þjálfun og keppni samhliða námi. Stutt verður eftir fremsta megni við íþróttafólk í fremstu röð til undirbúnings þátttöku í Ólympíuleikum eða stærstu mótum í viðkomandi íþróttagreinum.

Vaxandi áhugi er meðal íþróttafélaga á því að bjóða almenningi upp á möguleika til iðkunar íþróttanna í sínum mannvirkjum og/eða í tengslum við hefðbundnara starf félaganna. ÍBR mun styðja við frumkvæði á þessu sviði í samstarfi við félögin. ÍBR mun áfram sinna almenningsíþróttum borgaranna með útleigu íþróttatíma í skólahúsum og með þátttöku í ýmsum verkefnum sem ætlað er að efla þátttöku almennings í íþróttum.

ÍBR mun sjá um framkvæmd Reykjavíkumaraþons, Laugavegshlaups, Miðnæturhlaups og koma að framkvæmd Reykjavík International Games með íþróttafélögunum.

ÍBR mun vinna að stefnumótun og framtíðarsýn fyrir íþróttastarf í Reykjavík til ársins 2020 í samstarfi við aðildarfélögin og Reykjavíkurborg.

Stefnt er að því að efla jákvæða ímynd ÍBR sem hagsmunasamtök íþróttafélaganna í Reykjavík og fagaðila í íþróttamálum almennt. Mikilvægt er að koma á framfæri við borgaryfirvöld að ÍBR sé aðili sem hægt er að treysta til að vera ráðgefandi aðili um íþróttamál í borginni á faglegan og skynsamlegan hátt. Jafnframt er mikilvægt að á hverjum tíma sé haldið virku sambandi milli félaganna og stjórnar og starfsfólks ÍBR þannig að starf bandalagsins endurspegli á hverjum tíma helstu þarfir félaganna og óskir um aðkomu ÍBR að tilteknum málum.

Auður, fromaður Allsherjarnefndar, fjallaði því næst um þingskjal nr.9. Hún sagði þetta þingskjal fjalla um styrki til afreksíþróttafólks og að þeir hefðu gert nokkrar orðalagsbreytingar á þeirri tillögu (sjá samþykkt að neðan). Sigríður bauð orðið laust um þingskjal nr. 9. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var samþykkt samhljóða.

### Styrkir til afreksíþróttafólks

**45. þing ÍBR, haldið 28.-29. apríl 2011, skorar á ríkisvaldið að hefja nú þegar stuðning við íþróttafólk sem líklegt er til að komast á Ólympíuleikana í London 2012 sem nemur fullum listamannalaunum.**

Greinargerð:

Á næsta ári eru Ólympíuleikar í London. Það er fátt sem sameinar íslenska þjóð eins og góður árangur á Ólympíuleikum. Skemmst er að minnast silfursins sem við unnum á síðustu leikum.

Afreksjóður ÍSÍ styrkir íslenskt afreksíþróttafólk en ríkið setur 25 milljónir árlega í þann sjóð. Í dag er einn Íslendingur á svokölluðum A-styrk Afrekssjóðs sem er 160.000 krónur á mánuði til að undirbúa sig og greiða æfinga og keppnisferðir. 6 einstaklingar eru á B- styrk með 80.000 krónur á mánuði og 7 á C-styrk með 40.000 krónur á mánuði. Til samanburðar við listir má geta þess að á fjárlögum er gert ráð fyrir 400 milljónum króna í listamannalaun sem um 440 manns þiggja.

Hér er því lagt til að ríkisvaldið borgi íþróttafólkinu full listamannalaun í eitt og hálf ár fram að leikum, hvort sem lágmark nást eða ekki. Það væru góð skilaboð til okkar afreksfólks sem leggur á sig ómælda vinnu við að ná árangri í sínum greinum og standa sig sem fyrirmyndir fyrir börn og unglunga í okkar samfélagi.“

Auður fjallaði um þingskjal nr.10 sem er um hagrænt gildi íþróttar. Hún sagði að nefndin hefði einnig vilja kveða fastar að orði hér og því gert viðeigandi orðalagsbreytingar (sjá samþykkt að neðan).



## Hagrænt gildi íþróttá

### 45. þing ÍBR, haldið 28.-29. apríl 2011, skorar á ráðherra íþróttamála að gera sem fyrst könnun á hagrænum áhrifum íþróttá.

Greinargerð:

Á árinu 2010 var kynnt könnun sem unnin var á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins á hagrænum áhrifum skapandi greina. Íþróttir voru ekki teknar með í þessari könnun en full þörf er á því að skoða hvaða hagræn áhrif íþróttir hafa á samfélagið. Atriði sem meðal annars væri vert að skoða er virðisaukaskattur af íþróttavörum, framlag sjálfboðaliða, launuð störf, viðburðir og mótahald, erlendir ferðamenn í tengslum við viðburði, áhrif íþróttá sem forvörn gagnvart fíkniefnum, áhrif íþróttá sem forvörn gagnvart heilbrigði þjóðarinnar, áhrif fjársafnana, ferðalög iðkenda vegna keppni innanlands og erlendis.

Sigríður bauð orðið laust. Einn hvað sér hljóðs. Arnór Pétursson, gerði athugasemd við orðalag á þingskjali nr.10. Allir sammála um innihaldið en orðalagsbreytingu vísað til stjórnar um að ekki sé til þess ætlast að ráðherra noti fæðingarleyfið sitt til þess að framkvæma þessa könnun. Þingskjal nr.9 samþykkt samhljóða.

Auður fjallaði um þingskjal nr.11. Hún sagði að nefndinni hefði fundist tillagan vera of flókin orðalega séð þegar þau fóru að rýna ofan í hana. Þau skiptu henni því upp í þrjá liði og kváðu sterkar að orði. Færður var hluti af tillögunni í greinagerðina. Hún sagði að allsherjarnefnd teldi að þetta væri skýrara svona. Sigríður bauð orðið laust um þingskjal nr. 11. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var samþykkt einróma.

## Framlög til íþróttá

### 45. þing ÍBR, haldið 28.-29. apríl 2011, skorar á borgaryfirvöld að:

- a) endurnýja samstarfssamninga við félögin og ÍBR þar sem meðal annars er horft til reksturs félagsstarfsins, viðhalds og reksturs mannvirkja. Að öðrum kosti er rekstrargrundvelli íþróttafélaga stefnt í voða og þar með þjónustu við þann mikla fjölda iðkenda sem stunda íþróttir á þeirra vegum.
- b) taka án tafar upp styrki til reksturs Íþróttaskóla íþróttafélaganna í yngstu bekkjum grunnskóla.
- c) taka án tafar upp stuðning við afreksíþróttir í gegnum Afreks- og styrktarsjóð Reykjavíkur.

Greinargerð:

Í ársbyrjun 2008 voru undirritaðir samstarfssamningar milli félaganna, ÍBR og borgarinnar. Fjármunir til íþróttastarfsins sem áttu að vera tryggðir með þessum samningum hafa verið skornir verulega niður síðustu 2 ár auk þess sem verðbætur voru aftengdar í byrjun árs 2009 og hefur verið svo síðan.

Gerður var eins árs samningur við Íþróttabandalag Reykjavíkur um greiðslur til félaganna og ÍBR á árinu 2011. Í fjárhagsáætlun 2011 er gert ráð fyrir 6% niðurskurði milli árána 2010 og 2011 á þeim þáttum sem lúta að rekstri félaganna sjálfra. Að auki er hætt stuðningi við íþróttaskóla 6 og 7 ára barna sem félögin hafa staðið fyrir á starfstíma frístundaheimila.

Skerðing styrkja til þessa starfs á undanförunum tveimur árum hefur einnig verið umtalsverður eða 4,4% árið 2009 og 16,7% árið 2010. Samkvæmt samstarfssamningum átti einnig að fjölga styrkhæfum vikum

um 6 til að skapa betri grundvöll til að reka mannvirkin í sem næst heilt ár. Það var ekki gert sem þýðir um 13% skerðingu hvort ár. Niðurskurður gagnvart íþróttahreyfingunni undanfarin 2 ár er því gríðarlegt högg fyrir íþróttastarfið í Reykjavík.

Íþróttafélögin í Reykjavík horfast í augu við mikillar skerðingu á fé til rekstrar mannvirkja, orkuverð hækkar og ekki er gert ráð fyrir fé til viðhalds frekar en undanfarin ár sem þó er orðið aðkallandi.

Þá er og vert að vekja athygli á því að stuðningur við afreksíþróttir í gegnum Afreks- og styrktarsjóð Reykjavíkur hefur minnkað verulega á undanförunum árum og árið 2011 er ekki gert ráð fyrir neinum fjármunum í þann sjóð.

Auður fjallaði um þingskjal nr.12. Hún sagði nefndina hafa umorðað tillögu Raj Bonifacius en markmiðið væri það sama.

### Heilsársaðstaða fyrir tennis

**45. þing ÍBR haldið 28.-29. apríl 2011 leggur til að framkvæmdastjórn ÍBR skipi vinnuhóp til að finna viðunandi lausn á heilsársaðstöðu fyrir tennisíðkun í Reykjavík.**

Greinargerð:

Sjötíu og fimm prósent, frá september til júní, af æfingátíma reykvískra tennisdeildar (Fjölnir, Víking og Þróttar) hafa farið fram í Tennishöllinni í Kópavogi s.l. 17 ár. Vallaleigukostnaður hefur hækkað gríðarlega á þessum tíma. Með minni vallastyrk frá borginni, hafa æfingátímarnir fyrir reykvíska tenniskrakka minnkað um helming frá því sem þau voru fyrir 10 árum. Vinsældir tennisíþróttarinnar hafa vaxið með hverju ári og mikilvægt að skapa innanhúss æfingaaðstöðu fyrir krakka og almenning til að geta stundað tennis í Reykjavík því framboð af tennisvöllum er ekki í samræmi við eftirspurn. Nú þegar eru fjórir tennisvellir á svæði Víkings með möguleika á að bæta við 2 til viðbótar. Þar er kjöraðstaða til að reisa uppblásið tjald yfir. Nýlega hefur Hveragerði keypt 5.000 m<sup>2</sup> uppblásið tjald og eru svona yfirbyggingar mjög víða yfir tennisvöllum á Norðurlöndum, Evrópu og Bandaríkjunum.

Ábending úr sal um að leiðrétta ártalið í breytingatillögunni. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Auður formaður allsherjarnefndar fjallaði um þingskjal nr.13. Niðurstaða nefndarinnar var sú að samþykkja tillöguna óbreytta og leggja hana svona fram fyrir þingið og láta þingið skera úr um það hvort það ætti að endurnýja umsókn um aðild að UMFÍ. Sigríður bauð orðið laust um þingskjal nr. 13. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

### Þingskjal 13

Allsherjarnefnd

**Umsókn um aðild að UMFÍ**  
**Flutningsaðilar: Snorri Þorvaldsson og Sigfús Ægir Árnason**

**45. þing ÍBR, haldið 28.-29. apríl 2011, samþykkir að endurnýja umsókn bandalagsins um aðild að Ungmennafélagi Íslands.**

Auður þakkaði þeim sem tóku þátt í nefndarstörfum allsherjarnefndar fyrir góða kvöldstund í gær.

**11. Kosningar.**

**a) Formaður ÍBR kosinn.**

Sigríður benti á það samkvæmt lögum ÍBR þyrfti framboð til stjórnar að berast til framkvæmdastjórnar með hálf mánaða fyrirvara.

Sigríður bað formann kjörnefndar að koma upp og gera grein fyrir störfum nefndarinnar.

Sigríður sagði Ingvar Sverrisson sjálfkjörinn.

**b) Framkvæmdarstjórn ÍBR, þrjú stjórnarmenn úr fráfarandi stjórn kosnir.**

Kjörnefnd lagði til:

Gígja Gunnarsdóttir  
Lilja sigurðardóttir  
Örn Andrésson

**c) Framboð til framkvæmdarstjórnar ÍBR, þrjú sæti en fimm í framboði.**

Viggó H. Viggósson  
Þórdís Gísladóttir  
Arnór Pétursson  
Bjarnveig Pétursdóttir, veik og gat því miður ekki komið í dag.  
Björn Björgvinsson, KR.

Því næst var gengið til kosninga. Sigríður bauð Stefáni Aðalsteinssyni að koma upp og bað formann kjörbréfanefndar að lesa upp fjölda þeirra fulltrúa sem að hvert félag á að fá. Hún bað fulltrúa um að ganga jafn óðum upp og ná í kjörseðla.

Dansfélag Reykjavíkur – 1  
Glímufélagið Ármann – 7  
Golfklúbbur Reykjavíkur – 4  
Fákur - 2  
ÍFR - 4  
Fylkir - 5  
Íþróttafélag Reykjavíkur - 8  
Júðófélag Reykjavíkur - 1  
Keilufélag Reykjavíkur - 1  
Knattspyrnufélagið Fram - 6  
Knattspyrnufélagið Valur - 2

Knattspyrnufélagið Víkingur - 4  
 Knattspyrnufélagið Þróttur - 6  
 Knattspyrnufélag Reykjavíkur - 6  
 Skautafélag Reykjavíkur - 3  
 Skotfélag Reykjavíkur - 5  
 Skyldingafélag Reykjavíkur - 5  
 Sundfélagið Ægir - 1  
 Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur - 9  
 Fjölnir - 7  
 R36 - 1  
 UMFK - 1  
 Vélhjólaiþróttaklúbbur Reykjavíkur - 2  
 Badmintonráð Reykjavíkur - 1  
 Skíðaráð Reykjavíkur - 1  
 Sundráð Reykjavíkur - 1  
 Knattspyrnuráð Reykjavíkur - 1

Kjörin í stjórn voru:  
 Þórdís Gísladóttir  
 Viggó H. Viggósson  
 Björn Björgvinsson

**d) Kosnir tveir varamenn.**

Bjarnveig Guðjónsdóttir  
 Guðrún Ósk Jakobsdóttir

**e) Kosnir tveir endurskoðendur og tveir til vara.**

Guðmundur Frímannsson  
 Sigurður Hall  
 Rögnvald Erlingsson (til vara)  
 Kristján Örn Ingibergson (til vara)

**f) Kosin þriggja manna kjörnefnd og einn til vara sbr. 8.grein.**

Þorvaldur Snorri Þorvalsson  
 Elínborg Guðnadóttir  
 Þórir Ingvarsson  
 Júlíus Arnarson (til vara)

**g) Kosnar fastanefndir, er þingið ákveður.**

Liður g felldur niður

## 12. Lýst tilnefningu aðildarfélaga á fulltrúum til íþróttapings og kosnir viðbótarfulltrúar samkvæmt 13. grein.

Íþróttaping nýafstaðið. Vísað til stjórnar hvernig því er háttað eftir tvö ár.

### 13. Önnur mál.

Jónas Sigurðsson sagði ljóst að hann myndi ekki sitja áfram í stjórn ÍBR, fannst hann hafa verið ágætis tíma í stjórninni en nú færri hann í sitt félag og yrði enn öflugri þar. Hann óskaði nýrri stjórn og nýjum formanni til hamingju með embættin með von um gott samstarf í framtíðinni.

Snorri Þorvaldsson, formaður Ármanns, vildi fyrir hönd félaganna koma upp og þakkaði stjórn og starfsmönnum ÍBR fyrir frábært starf undanfarin ár.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs.

Sigríður sagði komið að þingslitum

### 14. Þingslit.

Formaður ÍBR, Ingvar Sverrisson sleit þingi með eftirfarandi orðum: „Kæru félagar ég vil þakka ykkur kærlega fyrir traustið og kosninguna. Ég hlakka mikið til að takast á við næstu tvö ár og takast á við þau verkefni sem við höfum samþykkt að fara í á þessu þingi og þingið hefur falið mér í stjórn. Ég vil óska nýjum stjórnarmönnum til hamingju og þakka þeim sem hafa unnið með okkur undanfarið, sérstaklega Jónasi, fyrir þessi 11 ár, Haraldur Baldursson er ekki staddur hérna þannig að ég get ekki þakkað honum en fæ vonandi fljótlega tækifæri til þess. Ég er sannfærður um það að ný stjórn mun í góðu samstarfi við ykkur í félögunum halda áfram að berjast af krafti fyrir íþróttum í Reykjavík. Ég er þeirrar skoðunar að við verðum að standa þétt saman og hjálpast að í þessari baráttu. Það er mikið kynningarstarf fyrir höndum, við þurfum að nýta okkur þá miðla og þá þekkingu sem við höfum til þess að dreifa áróðri okkar. Við höfum ekki verið mikið að skrifa greinar, tala á internetinu eins og er verið að tala meira um okkur en við þurfum að nýta okkur þau tæki í framtíðinni að koma okkar upplýsingum/áróðri um það hvað við erum að gera á framfæri og ég óska eftir hjálp ykkar í því. Það eru góðar tillögur sem hér voru samþykktar og það sem ég er ánægðastur með er hvað við erum búin að skerpa mjög á hlutunum. Mér finnst vera meiri harka og ákveðni í okkur eftir þetta þing, það er kraftur í þessum tillögum. Ég er ánægður með að Allsherjarnefnd vildi skerpa enn frekar á stefnunni eins og kom fram áðan og það er eitthvað sem ég held að við ættum að huga að. Nú annað er að í því samhengi þá held ég að við í stjórninni hjá ÍBR ættum að huga að því að taka upp millipinganefndir fyrir þannig að það sé hægt að byrja vinna fyrir í þessum tillögum fyrir þingin og fleiri geta komið að. Mér finnst við fara út af þessu þingi í sóknarhug og það var það sem ég lagði til í ræðu minni í byrjun og mér finnst það vera andinn hérna inni og ég er bjartsýnn og sigurviss á þau verkefni sem við erum að fara í. Við förum núna strax í maí inn í stefnumótunarvinnuna og hvet ykkur öll til þess að koma að því með okkur og vera þátttakendur í þeirri vinnu, það er þar sem við mótum stefnu íþróttanna til lengri tíma og köfum verulega í það hvaða áhrif það hefur á borgina. Við eigum að festa í samningum við Reykjavíkurborg fjárframlög til okkar og við eigum að standa fast á því að Reykjavíkurborg standi við sína saminga við okkur alveg eins og það er staðið við saminga við aðra. Ég vil þakka samveruna á þessu þingi, þakka starfsmönnum þingsins, þingforsetum, þingriturum, nefndarmönnum öllum og slít hér með 45. þingi ÍBR“

Formaður bauð þingfulltrúum að þiggja veitingar að þingi loknu.